# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

275. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 21. NÓVEMBER 2016




Friðriki Rúnari Garðarssyni var létt þegar þyrla Landhelgisgæslunnar lenti með hann í Fossvogi í gær. Ein fjölmennasta leitaraðgerð í sögu Landsbjargar var um helgina þegar leitað var að Friðriki sem hafði týnst á rjúpnaskytteríi. Friðrik gróf sig í fönn yfir tvær nætur og sótti í hlýju frá hundi sem var með honum í för. Fengurinn, ein rjúpa, var notaður sem koddi. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN K.

# Slaka á kröfunni um utanþingsráðherra

**Þingflokkur Pírata vill að stefnu flokksins verði breytt svo þingmenn annarra flokka geti orðið ráðherrar í stjórn með Pírötum. Þeirra eigin ráðherrar verði þó ekki þingmenn samtímis. Formlegar stjórnarmyndunarviðræður fimm flokka hefjast nú eftir fundahöld í gær.**

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Pírata mun setja fram tillögu í grasrót flokksins í lok vikunnar um að slaka á kröfum um að ráðherrar sitji ekki sem þingmenn á sama tíma. Þingflokkurinn stendur allur á bak við þá tillögu.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, segir flokka ekki geta sagt öðrum flokkum hvernig þeir skipa ráðherra í ríkisstjórn.

Píratar, Samfylking, Björt framtíð, Viðreisn og VG hafa skipað fulltrúa sína í hópa sem skipta með sér verkum í vikunni. Segja má að með því séu stjórnarmyndunarviðræðurnar orðnar formlegar.

„Hóparnir munu vinna næstu daga og í þeirri vinnu mun koma í ljós hvort af þessu samstarfi geti orðið,“ segir Katrín Jakobsdóttir.



Katrín Jakobsdóttir

„Auðvitað er það þannig að aðstæður í pólitíkinni eru þannig að nokkur óvissa ríkir og því þurfum við að halda vel á spöðunum framundan. Þetta er ekki eins og þegar tveir flokkar settust niður eftir kosningar og mynduðu ríkisstjórn.“

Formenn allra flokkanna fimm eru sammála um að gott andrúmsloft hafi verið á fundum helgarinnar þar sem menn hafi almennt verið lausnamiðaðir og vel hafi gengið að ræða hin ýmsu mál. Þó sé það enn í stefnu Pírata að flokkurinn setjist ekki í ríkisstjórn þar sem ráðherrar séu einnig þingmenn. Þessi stefna þeirra kann að breytast á næstu dögum sem fyrr segir.

„Það er mín skoðun að flokkar geti ekki sett hverjir öðrum svona skilyrði, það er bara þannig,“ segir Katrín. **– sa**

## Íslensk sprengja í útflutningnum

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er eina norræna landið þar sem útflutningur eykst meira en í löndum Evrópusambandsins samkvæmt nýrri skýrslu frá hagstofum Norðurlandanna fimm og OECD sem ber saman útflutningstölur Norðurlandanna. Skýrslan, sem kostuð er af Norrænu ráðherranefndinn, verður birt í dag.

„Vöxturinn í þjónustu á Íslandi hefur verið gríðarlegur, hann hefur vaxið um 63 prósent á árunum 2010 til 2015,“ segir Böðvar Þórisson hjá Hagstofu Íslands. **– sg /** **sjá síðu 4**



Böðvar Þórisson skrifstofustjóri

## Fréttablaðið í dag


**SPORT** Það er greinilega aldrei of seint að segja sorrí. 13-16

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um núverandi stjórnarmyndunarviðræður. 17

**TÍMAMÓT** Sveitarfélögin á Vestfjörðum fá umhverfisvottun EarthCheck. 18



**LÍFIÐ** Þjálfarar á Íslandi skarta gjarnan íþróttafatnaði á hliðarlínunni, taka þægindin fram yfir tískuna hér á landi. 24

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg norðlæg átt og dálítil él austanlands, suðlægari og él norðvestanlands, en annars léttskýjað. Frost yfirleitt 0 til 5 stig. SJÁ SÍÐU 20

# Ráðherrafé í nýjar tölvur

**STJÓRNSÝSLA** Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra hyggst nota rúmar 1,8 milljónir króna af sérstöku ráðstöfunarfé sínu sem ráðherra í kaup á tölvum fyrir ráðuneytið sjálft.

Í yfirliti yfir starfsemi ráðuneytisins í október vísar Lilja til könnunar sem Fréttablaðið sagði frá í vor og sýndi mikla óánægju starfsmanna. Við því mætti bregðast. Hún hafi ákveðið að láta kaupa fartölvur fyrir þær 1.848.030 krónur sem eftir væru af ráðstöfunarfénu.

„Þegar græjurnar koma í hús fá stjórnendur ráðuneytisins það verkefni að koma þeim í notkun með réttum og sanngjörnum hætti,“ segir í bréfi ráðherra. **– gar**



**Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra.**

# Skref í átt til stjórnarmyndunar



**Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, gekk ákveðnum skrefum inn í hús Alþingis í gær til að ræða við fulltrúa fjögurra annarra flokka um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Síðar um daginn samþykktu þingflokkarnir fimm að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Þetta er í fyrsta skipti sem fjölskylduviðurkenning SOS er afhent.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Veitti SOS-viðurkenningu

**SAMFÉLAG** Frú Eliza Reid, velgjörðarsendiherra SOS, veitti í gær Fjölskylduviðurkenningu SOS Barnaþorpanna. Viðurkenningin féll Miðstöð foreldra og barna í skaut fyrir ötult starf í þágu fjölskyldna hér á landi. Miðstöðin sérhæfir sig í tengslaeflandi meðferð fyrir verðandi foreldra og ungbörn.

Samtímis var eiginmaður Elizu, Guðni Th. Jóhannesson forseti, staddur á Landspítalanum í Fossvogi. Þar fór fram minningarathöfn um þá sem látist hafa í umferðarslysum. **– jóe**




# Hafði einu rjúpuna sem hann veiddi sem kodda

**Um 450 björgunarsveitarmenn víða af landinu leituðu um helgina að rjúpnaskyttu sem skilaði sér ekki til byggða. Maðurinn fannst heill á húfi í gærmorgun eftir tvær nætur í snjóbyrgjum. Faðir hans kveðst þá hafa veinað af feginleik.**

**BJÖRGUN** Ein fjölmennasta leitaraðgerð Landsbjargar frá upphafi fór fram um helgina er um 450 björgunarsveitarmenn, frá nær öllum landshornum, leituðu Friðriks Rúnars Garðarssonar sem skilaði sér ekki til byggða eftir rjúpnaveiði á Héraði á föstudagskvöld.

Friðrik fannst heill á húfi fyrir hádegi í gær. Álíka mannmargar leitir hafa allar spannað lengra leitartímabil.

„Það bættist um metri af snjó við á meðan við vorum að leita. Landið var erfitt yfirferðar sökum þess auk þess að mikið var um bratta, kjarr og kletta,“ segir Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, formaður svæðisstjórnar á Austurlandi.

Rauði krossinn opnaði hjálparstöð á Egilstöðum fyrir leitarmenn. Þar gistu yfir hundrað manns.

„Það var strax tekin ákvörðun um að hefja fjölmenna leit og sífellt bætt í til að tryggja að á svæðinu væri óþreytt fólk að leita,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. „Menn voru ekki vonlitlir um að hann fyndist á lífi.“

Friðrik var vel útbúinn að öðru leyti en því að hann skorti fjarskiptatæki. Hann gróf sig í fönn í tvær nætur. Með honum í för var labradorhundur en þeir héldu hita hvor á öðrum í mesta kuldanum.

„Þetta var allur tilfinningaskalinn,“ segir Garðar Sigurvaldason, faðir Friðriks Rúnars. Garðar var í Reykjavík þegar hann fékk fréttir af leitinni á föstudag og flaug austur morguninn eftir. „Maður var agalega kvíðinn, lystarlaus og ómögulegur. Hugur manns flakkaði frá fullkominni björgun yfir í það að maður myndi ekki sjá hann aftur.“



**Fjölskylda Friðriks Rúnars tók á móti honum við Landspítalann í Fossvogi eftir að þyrla Landhelgisgæslunnar lenti með hann.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

> **Maður hafði ímyndað sér hræðilega hluti og gríðarlega ógnvekjandi verkefni framundan.**
>
> Garðar Sigurvaldason, faðir rjúpnaskyttunnar sem týndist og fannst.

Garðar var í stjórnstöðinni á Egilsstöðum þegar fréttin um fund sonar hans barst þangað.

„Maður hafði ímyndað sér hræðilega hluti og gríðarlega ógnvekjandi verkefni fram undan. Sem betur fer snerist það í eintóma hamingju. Ég nánast „flikkflakkaði“ aftur á bak, öskraði og veinaði,“ segir Garðar.

Það sem snart Garðar mest var að vinir sonar hans flykktust á Egilsstaði. Menn komu frá Dalvík, Akureyri, Selfossi, Vestmannaeyjum og Reykjavík að ógleymdum þyrluskíðamönnum úr Skíðadal. Markmið fararinnar var að veiða rjúpu og það tókst. „Hann veiddi eina rjúpu sem hann notaði sem kodda í báðum snjóbyrgjunum,“ segir Garðar. **johannoli@frettabladid.is**



TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## ÓKEYPIS ÁSTANZSKOÐUN Á

# BREMSUM

**hjá viðurkenndum þjónustuaðilum til 30. nóvember.**




ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 81780 10/16

## Okkur er annt um öryggi Toyota-eigenda í umferðinni

og viljum því bjóða þeim ókeypis ástandsskoðun á bremsum til 30. nóvember.

Auk þess verður **20% afsláttur*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum sem og **10% afsláttur** af vinnu.

Láttu okkur fara yfir bremsurnar og aktu af öryggi í vetur.

## Engin vandamál - bara lausnir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.



Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

# Læknar tvisvar skoðað sjúkraskýrslur í óleyfi

**HEILBRIGÐISMÁL** Tvisvar á síðustu tíu árum hefur það gerst að læknir hefur skoðað sjúkraskýrslu einstaklings án þess að hafa til þess ástæðu. Þetta kemur fram í svari Landspítalans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fyrir skemmstu birti Persónuvernd ákvörðun í máli sem laut að kvörtun fyrrverandi eiginkonu læknis á spítalanum. Taldi konan að hann hefði skoðað sjúkraskrá hennar þrátt fyrir að hún hefði bannað honum það. Skilnaður þeirra hefði verið harkalegur og læknirinn hefði í hyggju að nota gögnin í annarlegum tilgangi. Læknirinn hafði skoðað skýrslu hennar í fjórgang og hafði gildar skýringar í þrjú þeirra skipta. Honum var veitt áminning fyrir brot sitt af spítalanum. Ákvörðun Persónuverndar fólst í því að fela spítalanum að setja reglur um aðgang starfsmanna að skýrslum fjölskyldumeðlima eða fyrrverandi fjölskyldumeðlima.



**Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga**

„Á Landspítala gilda skýrar reglur um aðgangsheimildir starfsmanna að heilsufarsupplýsingum. Reglurnar eiga við um alla starfsmenn, hvort sem þeir eru aðstandendur sjúklinga eða ekki," segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á spítalanum.

Gildir sú meginregla að starfsmaður skal aðeins leita eftir upplýsingum sem hann þarf í tengslum við starf sitt, í þágu sjúklings eða í öðrum lögmæltum tilgangi. Í reglum spítalans er kveðið á um aðgangsstýringu og eftirlit með aðgengi starfsmanna að upplýsingum sem leita spítalans.

„Aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að heilsufarsupplýsingum í sjúkraskrá er skráður hverju sinni þannig að hægt er að rekja hverjir hafa farið inn á hverja sjúkraskrá. Sérstök eftirlitsnefnd með notkun sjúkraskrár starfar við Landspítala og annast hún í samstarfi við upplýsingatæknideild eftirlit með því hvernig upplýsingar eru sóttar í tölvukerfi spítalans og hvort það sé í samræmi við gildandi aðgangsheimildir," segir Ólafur.

Brot á reglunum varða áminningu eða brottrekstri úr starfi auk kæru ef um lögbrot er að ræða. Persónuvernd hafa verið kynntar þessar reglur spítalans. – **jóe**



**Strangar reglur og aðgangsstýringar eru á Landspítalanum um aðgang að sjúkraskýrslum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Hörmungar í Aleppo.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ekki sjálfsstjórn fyrir Aleppo

**SÝRLAND** Tillaga frá Sameinuðu þjóðunum um að binda enda á átökin í Aleppo með því að borgin fái sjálfsstjórn hefur verið hafnað af sýrlensku stjórninni að því er segir á vef BBC.

Samkvæmt áætlun SÞ áttu uppreisnarmenn að halda austurhluta Aleppo gegn því að draga stríðsmenn sína til baka. Utanríkisráðherra Sýrlands, Walid al-Muallem, sem hitti sendinefnd SÞ í gær, sagði hugmyndina brjóta í bága við fullveldi Sýrlands. – **gar**

## Merkel vill vera fjögur ár enn

**ÞÝSKALAND** Angela Merkel tilkynnti í gær að hún myndi bjóða sig fram fyrir Kristilega demókrata til embættis kanslara í fjórða sinn í Þýskalandi á næsta ári.

Engin mörk eru á því hve mörg kjörtímabil þýskir kanslarar geta setið. Bæti Merkel fjórða tímabilinu við mun hún jafna met Helmuts Kohl sem var kanslari í sextán ár. – **us**



**Angela Merkel, kanslari Þýskalands**

# Fremst Norðurlanda í útflutningi

**Útflutningur hefur aukist um meira en 80 prósent frá 2008 á Íslandi. Ísland er eina norræna landið þar sem útflutningur eykst meira en í löndum ESB. Ísland flutti út fyrir 8,1 milljarð evra árið 2015.**

**VIÐSKIPTI** Ísland er eina norræna landið þar sem útflutningur eykst meira en í löndum Evrópusambandsins samkvæmt nýrri skýrslu frá hagstofum Norðurlandanna fimm og OECD sem ber saman útflutningstölur Norðurlandanna.

Skýrslan er kostuð af Norrænu ráðherranefndinni. Hún verður birt í dag og helstu niðurstöður kynntar á ráðstefnu í Kaupmannahöfn.

Útflutningur Norðurlanda er sem fyrr ívið minni en útflutningur aðildarríkja Evrópusambandsins. Árið 2015 nam heildarútflutningur á vörum og þjónustu á Norðurlöndum 557 milljörðum evra, sem er 38 milljörðum minna en árið 2012. Útflutningstölur eru hins vegar á hraðri uppleið á Íslandi. Frá 2008 hefur útflutningur á vörum og þjónustu til alþjóðamarkaða aukist um meira en 80 prósent. Árið 2015 flutti Svíþjóð út fyrir hæsta fjárhæð eða yfir 200 milljarða evra, Ísland flutti út fyrir minnst eða 8,1 milljarð evra.

Böðvar Þórisson, skrifstofustjóri fyrirtækjasviðs Hagstofu Íslands, segir grunninn að þessari vinnu hafa verið að eftir hrun fóru menn að sjá að útflutningshneigð ríkja virtist hafa áhrif á þróun vinnumarkaðar og hagkerfis eftir hrun.

„Ríkin sem voru með meiri útflutning voru líklegri til að ná bata hratt," segir Böðvar.

Böðvar bendir á að útflutningur hafi sérstaklega aukist á Íslandi ef þjónusta er skoðuð. Á tímabilinu 2010 til 2014 jókst útflutningur á þjónustu um 42 prósent – sem er langtum meiri aukning en á hinum Norðurlöndunum. Til samanburðar jókst útflutningur á þjónustu í löndum Evrópusambandsins um 29 prósent. Útflutningur þjónustu var 48 prósent af heildarútflutningi, samanborið við 37 prósent árið 2008.

> Ferðaþjónustan hefur komið inn sem öflug atvinnuskapandi grein eftir hrun.



Böðvar Þórisson, skrifstofustjóri fyrirtækjasviðs Hagstofu Íslands

„Við fórum í vinnu um að skoða hvort Norðurlöndin væru ólík, og niðurstaðan var að þetta eru misjöfn lönd. Vöxturinn í þjónustu á Íslandi hefur verið gríðarlegur, hann hefur vaxið um 63 prósent á árunum 2010 til 2015," segir Böðvar.

Skýrslan sýnir að Ísland er það Norðurlandanna sem er mest háð útflutningi. Samtals flutti Ísland út þjónustu fyrir 3,2 milljarða evra árið 2014, sem samsvarar 25 prósentum af landsframleiðslu.

Bandaríkin eru mikilvægasti útflutningsmarkaður íslenskra fyrirtækja. Um 17 prósent af öllum útfluttum vörum og þjónustu voru seld til Bandaríkjanna árið 2014. Um 23 prósent voru seld til Norðurlandanna árið 2013. Samgöngur og ferðaþjónusta eru mikilvægustu útflutningsgreinarnar í þjónustugeiranum og voru 70 prósent af öllum þjónustuútflutningi Íslands árið 2014 í þessum tveimur greinum.

„Norðurlöndin eru mjög ólík. Á Íslandi hefur bati á vinnumarkaði að miklu leyti komið til af þjónustu við ferðamenn. Sem dæmi var meðalfjöldi launþega í farþegaflutningum í flugi árið 2015 2.600, samanborið við 1.900 launþega að meðaltali í framleiðslu málma, sem er sami fjöldi og bara atvinnugreinin þjónusta við flug. Ferðaþjónustan hefur komið inn sem öflug atvinnuskapandi grein eftir hrun," segir Böðvar.

Þetta er í fyrsta sinn sem unnin er ítarleg samanburðargreining á milliríkjaviðskiptum með vörur og þjónustu frá Norðurlöndunum. Skýrslan inniheldur einnig greiningu á stærð og eignarhaldi norrænna fyrirtækja sem byggja afkomu sína á útflutningi á vörum og þjónustu.

saeunn@frettabladid.is

**Þróun á útflutningi frá** 2008-2015






**Samgöngur og ferðaþjónusta voru 70 prósent af öllum þjónustuútflutningi Íslands árið 2014.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**VW Golf** Trendline 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

**KJARAKAUP 2.890.000 kr.**

Fullt verð: 3.190.000 kr.

**Afsláttur**

**300.000 kr.**

5 ára ábyrgð



# KJARAKAUP

## Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda og Mitsubishi – allir með fimm ára ábyrgð! Kjarakaupin standa yfir til jóla, eða á meðan birgðir endast, og eru bílarnir til sýnis hjá HEKLU Laugavegi 170-174. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin. Hlökkum til að sjá þig!

**VW Amarok** Double Cab 2.0 TDI / Dísil / Beinskiptur* — **Afsláttur 850.000 kr.**

**KJARAKAUP 4.990.000 kr.**

Fullt verð: 5.840.000 kr.



TAKMARKAÐ MAGN

**Skoda Octavia** G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinsk. — **Afsláttur 320.000 kr.**

**KJARAKAUP 3.190.000 kr.**

Fullt verð: 3.510.000 kr.



**MMC Outlander** Intense / 4x4 / Dísil / Beinskiptur — **Afsláttur 640.000 kr.**

**KJARAKAUP 4.950.000 kr.**

Fullt verð: 5.590.000 kr.



NÝIR BÍLAR

**Skoda Rapid** Spaceback Ambition 1.2 TSI / Bensín / Beinsk. — **Afsláttur 440.000 kr.**

**KJARAKAUP 2.450.000 kr.**

Fullt verð: 2.890.000 kr.



FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

**VW Passat** Highline 1.4 TSI / Bensín / Sjálfskiptur — **Afsláttur 900.000 kr.**

**KJARAKAUP 4.430.000 kr.**

Fullt verð: 5.330.000 kr.



KOMDU Í REYNSLU AKSTUR

**VW Cross Polo** 1.2 TSI / Bensín / Sjálfskiptur — **Afsláttur 390.000 kr.**

**KJARAKAUP 3.190.000 kr.**

Fullt verð: 3.580.000 kr.



HEKLA

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. *Fimm ára ábyrgð gildir ekki með atvinnubílum.

# Gjaldi ekki fyrir kjarabót

**KJARAMÁL** „Ef skólastarf á ekki að hrynja á næstu – ja, vikum í sumum tilfellum, þarf einfaldan samning sem felur í sér ríflegar launahækkanir án þess að kennarar láti neitt í staðinn fyrir þær,“ segir í opnu bréfi níu grunnskólakennara úr fimm skólum í Reykjavík til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Í bréfinu sem birt er í heild á Vísi lýsa kennararnir áhyggjum af þeim orðum borgarstjóra að nýr kjarasamningur við kennara verði liður í heildstæðri umbótaáætlun.

„Ein af ástæðunum fyrir því að staðan er komin í þann hnút sem raun ber vitni er að allt of oft hafa svokallaðar umbætur og/eða skipulagsbreytingar í skólunum verið fléttaðar saman við kjör kennara,“ segir bréfinu til Dags.

Þá er samninganefnd sveitarfélaganna gagnrýnd. „Hefur það virst aðaláhersla nefndarinnar þegar störf kennara og kjör eru annars vegar að troða skólastarfinu í Excel-skjalið sitt og láta kennara svo í raun greiða fyrir umbæturnar með meiri vinnu og smánarlegum launahækkunum sem oftast eru keyptar dýru verði af okkur kennurum sjálfum.“ – **gar**



**Grunnskólakennarar ræða við borgarstjóra í síðustu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR









# Kardínálum fjölgar um sautján



Frans páfi útnefndi um helgina sautján nýja kardínála en þar af eru þrettán sem mega taka þátt í páfakjöri þegar þar að kemur. Aðeins kardínálar yngri en 80 ára hafa þar atkvæðisrétt. Þetta er í þriðja sinn á jafn mörgum árum sem páfinn útnefnir kardínála. Ávallt hefur hann leitað mikið út fyrir Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Halda þarf bókum að börnum til að efla læsi

**Nýjar bókahillur hafa verið settar upp í Oddeyrarskóla á Akureyri í miðjum skólanum sem liður í eflingu læsis. Aðstoðarskólastjóri segir mikilvægast að kaupa nýjar bækur fyrir börnin í stað þess að verja peningum í umgjörðina.**

**MENNTAMÁL** Oddeyrarskóla var gefin höfðingleg gjöf í síðustu viku frá nemendum, fyrrum starfsmönnum og foreldrum barna í skólanum; sérsmíðaðar bókahillur til að efla læsi. Aðstoðarskólastjóri skólans segir gjöfina ómetanlega og mikilvægt sé að veita fjármunum beint til að efla læsi í grunnskólum landsins.

Bókahillurnar eru fimm og eru miðsvæðis í skólanum. Mynda þær orðið „lestu“ og er ætlað að halda bókum nær börnum en áður.

„Við höfðum ekki getað með nokkru móti gert þetta fyrir það fjármagn sem okkur er útdeilt. Því söfnuðu nemendur og foreldrar ásamt fyrrverandi starfsfólki við skólann peningum til að láta sérsmíða bókahillurnar og kaupa nýjar bækur fyrir börnin,“ segir Rannveig Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri.

Bókahillurnar voru formlega vígðar á degi íslenskrar tungu síðastliðinn miðvikudag. Börnin fengu sjálf að velja hvaða bækur voru keyptar í hillurnar svo líklegast sé að þær höfði til þeirra.

„Þetta er það sem skiptir mestu máli, að börnin fái nýjar bækur sem þau vilja lesa. Þannig aukum við læsið í skólum landsins, en til þess þarf fjármagn frá hinu opinbera,“ bætir Rannveig við.

Fréttablaðið sagði frá því 17. nóvember að þriðjungur barna næði ekki viðmiðum um lesfimi og því brýnt að efla læsi grunnskólabarna. Verkefni menntamálaráðherra um að auka læsi barna var liður í því.

Veittir voru tugir milljóna í kynningarstarf herferðar menntamálaráðherra. Auglýsingastofan Árnasynir fékk til að mynda rúmar sjö milljónir og umboðsskrifstofan Prime fékk fimm milljónir króna en ástæða þess er söngur Ingólfs Þórarinssonar, oft kenndur við Veðurguði, á læsislaginu svokallaða. **sveinn@frettabladid.is**



**Bókahillurnar voru settar upp á degi íslenskrar tungu.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> Þetta er það sem skiptir mestu máli, að börnin fái nýjar bækur sem þau vilja lesa.



Rannveig Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri Oddeyrarskóla

# Hagspá Landsbankans

## Vandi fylgir vegsemd hverri

**Fundur í tilefni af útgáfu Þjóðhags, ársrits Hagfræðideildar Landsbankans, verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu, miðvikudaginn 23. nóvember kl. 8.30-10.00.**



### Stoðirnar þrjár

Aukning útflutningsverðmætis milli 2009 og 2015

Ferðaþjónusta 214 ma. kr.
Stóriðja 67 ma. kr.
Sjávarafurðir 56 ma. kr.

**Dagskrá fundar**

**Steinþór Pálsson,** bankastjóri Landsbankans, ávarpar fundinn.

**Daníel Svavarsson,** forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans, kynnir þjóðhags- og verðbólguspá bankans.

**Halldór Kristinsson,** deildarstjóri Eignastýringar Landsbankans, fjallar um stöðu og horfur á skuldabréfamarkaði.

**Ólafur Jóhannsson,** forstöðumaður hlutabréfasjóða hjá Landsbréfum, fjallar um horfur á innlendum hlutabréfamarkaði árið 2017.

**Pallborðsumræður**

**Jón Björnsson,** forstjóri Festi.

**Ólafur Sigurðsson,** framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins Stafa.

**Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir,** fjárfestir.

Fundarstjóri er **Sveinn Þórarinsson**, sérfræðingur hjá Hagfræðideild Landsbankans.

**Skráning á landsbankinn.is.** #hagspa

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Fimmta mannskæðasta lestarslys í sögu Indlands er 115 létust

**INDLAND** Minnst 115 eru látnir og um 150 slasaðir eftir að lest fór út af sporinu í norðurhluta Uttar Pradesh-héraðs á Indlandi í gær. Fjöldi látinna jókst jafnt og þétt í allan gærdag. Líklegt er talið að sú þróun gæti haldið áfram í dag.

Björgunarmenn unnu allan daginn í gær að því að draga lík og slasaða úr vögnunum fjórtán sem fóru af sporinu. Slysið varð skammt frá þorpinu Pukhrayan. Uttar Pradesh er í norðurhluta Indlands við landamærin að Nepal.

Orsök slyssins er ókunn en indverskir miðlar, þar á meðal Times of India, hafa gert því skóna að

**» Lestarkerfi Indlands er hið þriðja lengsta í heimi og brúkað af um 22 milljónum farþega daglega.**

sködduðum teinum hafi verið um að kenna. Slysið átti sér stað klukkan þrjú að nóttu að staðartíma. Farþegar sem komust lífs af lýsa því hvernig þeir hrukku upp með andfælum við mikið högg. Sjónin sem blasti við þeim í birtingu hafi verið skelfileg. Flestir hinna látnu voru í fremstu tveimur vögnunum en þeir ultu þegar lestin fór út af sporinu.

Hluti vagnanna er afar illa farinn sem gerir björgunarmönnum erfitt um vik með að komast að hinum særðu. Klippum hefur verið beitt en illa hefur gengið að láta þær ná í gegnum vagnana.

Slysið er fimmta mannskæðasta lestarslys í sögu Indlands. Lestarkerfi landsins er hið þriðja lengsta í heimi og brúkað af um 22 milljónum farþega daglega. Mörg þúsund manns deyja í slysum tengdum lestum ár hvert og til dæmis fórust rúmlega 27.500 í slíkum slysum árið 2014. **– jóe**



Lestarslys eru tíð á Indlandi og dauðsföll tengd lestum algeng. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Blæðing í slitlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Varað við vegum á Austurlandi

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin hefur varað við efni sem brotnar upp úr slitlagi á vegum á Austurlandi.

„Vegfarendur á milli Egilsstaða og Norðfjarðar eru varaðir við mögulegum slitlagsblæðingum og að slitlagskögglar sem brotna af bílum geta verið varasamir, sérstaklega er varað við kaflanum milli Eskifjarðar og Norðfjarðar," segir í tilkynningu á vef Vegagerðarinnar. Mikilvægt sé að draga úr hraða þegar bílar mætast. „Skoðið dekkin áður en haldið er í langferð og hreinsið með dekkjahreinsi ef vart verður við tjöru." **– gar**

## Send heim og svalt til bana

**NOREGUR** Norska lögreglan hefur sektað borgaryfirvöld í Ósló um 2 milljónir norskra króna, eða um 26 milljónir íslenskra króna, fyrir að hafa ekki kortlagt þörf konu fyrir heimahjúkrun eftir að hún var send heim af sjúkrastofnun. Konan svalt til bana og fannst ekki fyrr en 16 dögum eftir að hún lést.

Konan var flutt heim af sjúkrastofnuninni í janúar 2015. Hún fannst látin á heimili sínu haustið 2015 og var dánarorsökin vannæring.

Borgaryfirvöld eiga nú í viðræðum við lögregluna um upphæð sektarinnar. **– ibs**

# Viðhaldsféð dugir hvergi nærri

**Á síðustu þremur árum hefur náðst að sinna fjórðungi þeirrar viðhaldsþarfar bygginga LSH sem verkfræðistofa taldi aðkallandi 2013. Fjárskortur er skýringin sem fyrr þó gefið hafi verið í miðað við áratugina á undan.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vegna fjárskorts hefur aðeins reynst mögulegt að sinna fjórðungi þess utanhússviðhalds sem verkfræðistofan Efla taldi aðkallandi á byggingum Landspítalans árið 2013 – alls 70 talsins.

Árið 2013 vann verkfræðistofan Efla fyrir Landspítala úttekt á öllu húsnæði spítalans, viðgerðarþörf og áætlaði kostnað. Sett var upp þriggja ára viðhaldsáætlun. Skýrslan náði aðeins til utanhússviðhalds bygginga en Landspítali hefur notað þessa úttekt sem grunn í sinni áætlanagerð síðustu árin, en vegna fjárskorts ekki komist nándar nærri eins hratt í verkefnin og áætlun Eflu gerði ráð fyrir.

Með úttektinni taldi Efla að komin væri þokkaleg heildarmynd á ástand mannvirkja í eigu Landspítala, og kostnaðurinn metinn á þrjá milljarða króna að núvirði.

Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs LSH, segir að 300 milljónir hafi verið settar í utanhússviðhald árin 2014, 2015 og 2016. Það sé um þriðjungur þess sem tiltekið var í úttekt Eflu en myndin hafi breyst nokkuð síðan. Einstakar viðhaldsaðgerðir hafa reynst umfangsmeiri en reiknað var með. „Ætli svona fljótt á litið megi ekki áætla að við höfum náð um fjórðungi af því sem lagt var upp með," segir Ingólfur sem áréttar að skýrslan nái í engu til viðhaldsþarfar innanhúss.

„Fjárframlag til viðhalds á Landspítala hefur verið aukið töluvert síðustu þrjú árin, en það er eftir langt tímabil þar sem byggingarnar voru sveltar áratugum saman. Það hefur því safnast upp mikill hali sem við erum að vinna niður," segir Ingólfur og bætir við að alls ekki sé um sparnað að ræða því viðhaldsþörfin hverfur ekki. Ódýrast sé til lengdar að sinna viðhaldi bygginga jafnt og þétt árlega.

„Ef viðhald er dregið lengi er hætta á lekum og þar með tilheyrandi skemmdum innanhúss og möguleika á mygluvexti innan bygginganna. Það er ekki þar með sagt að allur mygluvöxtur sé vegna þess að viðhald hefur ekki verið viðunandi, við höfum líka dæmi um að ný hús hafa verið það illa byggð að raki hefur safnast upp í þeim og mygla gert vart við sig," segir Ingólfur. **svavar@frettabladid.is**



Viðgerðir á Landakoti standa yfir og eru langt komnar í þessum áfanga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Það hefur því safnast upp mikill hali sem við erum að vinna niður.**



Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs LSH


Jólahumar

Sælkeraverslun

HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN



Aðeins

★ 9.900 kr. kg.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13

Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

# Segir nefndarskipun ráðherra dæmi um glataða stjórnsýslu

**LANDBÚNAÐUR** Ólafur Stephensen, formaður Félags atvinnurekenda, gagnrýnir harðlega skipun Gunnars Braga Sveinssonar landbúnaðarráðherra í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga. Bændasamtök Íslands eiga þrjá fulltrúa og atvinnuvegaráðuneytið fimm af tólf fulltrúum í nefndinni.

„Þetta er glötuð stjórnsýsla. Við atkvæðagreiðslu í þinginu kom fram vilji þingsins að efna til þjóðarsamtals um stefnu í landbúnaðarmálum með því að kalla til breiðan hóp hagsmunaaðila til að móta stefnuna upp á nýtt í breiðri sátt,“ segir Ólafur „Fyrir



**Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda**

það fyrsta klúðrar ráðherra formlegu hliðinni með að vera mánuði of seinn að skipa hópinn. Þegar hann hefur svo skipað í nefndina kemur í ljós að hann hefur hunsað mikilvæga hagsmunaaðila, til að mynda Félag atvinnurekenda sem hefur haft sig hvað mest í frammi í þessari umræðu um landbúnaðarmál.“

Í tilkynningu frá atvinnuvegaráðuneytinu þann 21. október síðastliðinn segir að kveðið sé á um í lögunum að tryggja skuli aðkomu afurðastöðva, atvinnulífs, bænda, launþega og neytenda að endurskoðuninni. Afurðastöðvar eiga hins vegar engan fulltrúa í nefndinni.

„Þegar ráðherra samþykkir að veita launþegahreyfingunni tvo fulltrúa fjölgar hann í nefndinni úr sjö í tólf. Samt sem áður er ekki pláss í nefndinni fyrir talsmenn innflytjenda landbúnaðarafurða. Atvinnulífið situr eftir með aðeins einn fulltrúa,“ segir Ólafur. **– sa**



**Fulltrúar bænda eiga þrjá fulltrúa í nefndinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Facebook og WhatsApp eru vinsæl snjallforrit.** NORDICPHOTOS/AFP

## Sífellt færri prófa ný snjallforrit

**TÆKNI** Færri prófa ný snjallforrit fyrir síma (e. app) og neytendur halda sig við að nota þau forrit sem þeir eru nú þegar með. Þetta eru niðurstöður sem greiningardeild hugbúnaðarfyrirtækisins Adobe hefur birt.

Á meðal helstu niðurstaðna sem greiningardeildin komst að er að tuttugu prósent fleiri snjallforrit voru gefin út á öðrum ársfjórðungi þessa árs en á sama tímabili árið 2015. Hins vegar fjölgaði sóttum forritum einungis um sex prósent.

Þá segir í niðurstöðunum að fimm af hverjum tíu snjallforritum séu opnuð að meðaltali sjaldnar en tíu sinnum eftir að neytandi hefur halað þau niður í síma sinn. Þar af eru tvö af hverjum fimm einungis opnuð einu sinni.

Niðurstöðurnar byggja á 290 milljörðum heimsókna á yfir sextán þúsund vefsíður og á niðurhalstölum um 85 milljarða snjallforrita. **– þea**



**Stephen Hawking.** NORDICPHOTOS/AFP

## Jörðin ónýt eftir þúsund ár

**EÐLISFRÆÐINGURINN** Stephen Hawking lítur ekki björtum augum á möguleika okkar jarðarbúa til lengri tíma. Að því er segir á vef danska dagblaðsins Politiken sagði Hawking í fyrirlestri í Oxfordháskóla, þar sem hann er prófessor, að jörðin verði óbyggileg eftir eitt þúsund ár.

Mun Hawking hafa spáð því að loftslagsbreytingar, stríð, mengun, vírusar og önnur óáran af mannavöldum nauðbeygi mannkynið til að leggja undir sig aðra hnetti – ef Homo sapiens eigi að lifa af sem tegund. Reyndar hafa vísindamenn þegar augastað á plánetunni Proxima b sem er á braut um stjörnuna Alpha Centauri.

Hawking segir að jörðin gæti enst okkur meira en áðurnefnd eitt þúsund ár, jafnvel tíu þúsund ár en að útkoman sé nánast óumflýjanleg. **– gar**


16-3383 · HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




**MORGUNFUNDUR ISAVIA**
—FERÐAÞJÓNUSTAN ÁRIÐ UM KRING

Isavia boðar til morgunfundar þann 23. nóvember næstkomandi í Þingsölum á Hótel Reykjavík Natura kl. 8:30. Á fundinum verður kynnt farþegaspá Isavia fyrir Keflavíkurflugvöll fyrir árið 2017, farið yfir framkvæmdir á flugvellinum og þróun ferðaþjónustunnar í nánustu framtíð. Í spánni kemur m.a. að aukning ferðamanna yfir vetrartímann verður mun meiri en áður hefur verið sem staðfestir að ferðaþjónustan á Íslandi er orðin að heilsársatvinnugrein.

Dagskrá

— Björn Óli Hauksson,
forstjóri Isavia ávarpar fundinn

FARÞEGASPÁ 2017
— Hlynur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri Viðskiptasviðs Keflavíkurflugvallar

FJÁRFESTINGAR OG FRAMKVÆMDIR
Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI 2017
— Guðmundur Daði Rúnarsson,
framkvæmdastjóri Tækni og eignasviðs Keflavíkurflugvallar

**FYRIRSPURNIR ÚR SAL**

Í MIKLUM MEÐBYR GETUR VERIÐ ÓKYRRÐ
— Helga Árnadóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

LOKAORÐ
— Björn Óli Hauksson

**Boðið verður upp á kaffi og létta morgunhressingu.**

SKRÁNING Á FUNDINN FER FRAM Á:
**ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR**

ISAVIA

# VELKOMIN HEIM



**Vertu með þínum nánustu um jólin**
Að sakna er að elska. Þegar söknuðurinn verður óbærilegur er gott að geta gefið ástinni byr undir báða vængi og boðið fólkið sitt velkomið heim.



Afþreyingarkerfi í hverju sæti

Hægt að nota og safna Vildarpunktum um borð

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 79477 11/16

# Án drauma



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Dáið er allt án drauma / og dapur heimurinn“, segir í Barni náttúrunnar eftir Halldór Laxness. Það er bók uppfull af sannindum og speki eins og títt er með góðar bækur sem bera með sér aflið til þess að gera okkur að betri manneskjum. Vonandi vilja allir verða betri manneskjur. Það er gott og göfugt markmið í lífinu.

Í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins var viðtal Kristjönu Guðbrandsdóttur blaðakonu við konu sem er án efa góð manneskja. Hún heitir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og þroskaþjálfi, starfar hjá Hjálparstofnun kirkjunnar en er af mörgum kölluð „naglinn“ vegna þess að hún er stöðugt að brjóta sér nýjar leiðir til þess að aðstoða fólk við að losa sig úr fátæktargildrunni. Í kjallara við Grensásveginn tekur hún á móti fólki sem er við það að missa vonina um betra líf og byggir það upp til að sigrast á erfiðleikum sínum og rjúfa vítahring fátæktargildrunnar.

„Dáið er allt án drauma / og dapur heimurinn.“ Þessi orð komu upp í hugann við það að lesa um nálgun Vilborgar fyrir skjólstæðinga sína. Hennar nálgun gengur nefnilega út á að vera með einstaklingsmiðaða þjónustu og hlusta eftir draumum þeirra sem leita til samtakanna eftir aðstoð. Blása lífi í drauma fólks og vonir, byggja það upp til þess að gera því kleift að skapa sér betra líf og rjúfa vítahring fátæktarinnar.

Þegar vel tekst til er ávinningurinn gríðarlegur og ekki einvörðungu bundinn við þá manneskju sem eignast betra líf, þó að slíkt sé auðvitað markmiðið, og fullnægjandi áfangi í sjálfu sér. Árangurinn skilar sér líka til samfélagsins í formi skattgreiðslna og að viðkomandi einstaklingur og mögulega fjölskyldur þeirra eru ekki lengur háð hinu opinbera um framfærslu og skammtímalausnir með umtalsverðum kostnaði.

„Hér er ég ekki bundin af kerfinu,“ segir Vilborg um það að starfa fremur innan Hjálparstofnunar kirkjunnar en á vegum hins opinbera eða borgarinnar og hún bætir við: „Ég get hjálpað fólki með víðtækari úrræðum. Ég get gert meira.“ Þetta er umhugsunarefni fyrir okkur öll því þetta felur það í sér að innan kerfisins getur hún ekki gert nóg. Það segir okkur að við sem stöndum að baki því kerfi sem er svo stjórnað af stjórnmála- og embættismönnum þurfum að gera betur. Það þarf að leita leiða til þess að vinna með einstaklinga fremur en vandamál og byggja fólk upp til lengri tíma fremur en að fleyta því yfir versta hjallann hverju sinni.

Innan kerfisins starfar fjöldinn allur af góðum manneskjum en því miður virðist staðan vera þannig að þetta góða fólk er bundið af takmörkunum kerfisins. Takmörkuðu fjármagni, takmörkuðum tíma og takmörkunum reglugerða og skammtímahugsunar. Því væri óskandi að samfélagið og stjórnmálin legðu hlustir við því sem Vilborg hefur að segja, því það er mikilvægt. Því þeim mun fleiri einstaklinga sem við byggjum upp til betra lífs fyrir tilstilli drauma þeirra, þeim mun betra samfélag munum við öll eiga og þá verður vonandi ekki dapur heimurinn hjá nokkurri manneskju í litlu en efnuðu landi.

**Það þarf að leita leiða til þess að vinna með einstaklinga fremur en vandamál og byggja fólk upp til lengri tíma fremur en að fleyta því yfir versta hjallann hverju sinni.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Fyrsta prófið?**

**Þingflokkur Pírata ætlar að óska eftir því að grasrót flokksins breyti um stefnu til að hægt sé að koma þessari ríkisstjórn á koppinn. Það sem þeir hafa áður kallað „ófrávíkjanlega kröfu“ mun nú kallast skoðun sem hægt er að eiga við. Píratar hafa viljað að ráðherrar segðu af sér þingmennsku sinni til að efla þingræði í landinu. En nú á að breyta þessu. Þeir kjósendur sem kusu Pírata til að efla þingræðið í landinu verða því að bíta í það súra epli að flokkurinn ætli sér líklega að skipta um stefnu, tæpum mánuði eftir kosningar.**

**Völd og valdaleysi**

**Ríkisstjórnarflokkarnir gömlu, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, munu ef þessi ríkisstjórnarmyndun ber árangur, verða einir í minnihluta á næsta kjörtímabili. Fylgismenn þeirra auk núverandi og fyrrverandi þingmanna flokkanna hafa keppst við að finna þessum fimm flokkum allt til foráttu síðustu daga. Er það nema von að flokkum, sem hafa verið bróðurpartinn af síðasta aldarfjórðungi saman í ríkisstjórn, sé í nöp við þetta fyrirkomulag. Það gæti orðið áhugavert að sjá flokkana tvo reyna að vinna saman í stjórnarandstöðu, þegar engin völd eða stólar halda þeim samstilltum. Ætli sami samhljómur verði með þeim í minnihluta og í meirihluta? sveinn@frettabladid.is**

# Helgihaldið í RÚV



Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Kirkjunnar fólk á Íslandi hefur væntingar til RÚV. Það æskir þess að útvarp allra landsmanna sé vettvangur miðlunar frá helgum og stórhátíðum kristninnar. Ekki er langt síðan útvarpsstjóri og dagskrárstjóri Rásar eitt brugðust vel við þessu ákalli og ákváðu að halda á dagskrá rótgrónum dagskrárliðum Rásar eitt, morgunbæn og helgihaldi sunnudagsins. Til viðbótar við morgunbænina er nú tvinnuð útlegging á orði dagsins, sem áður var að kvöldi. Biskupsstofa hefur að beiðni stjórnenda RÚV tekið að sér að skipuleggja þessa dagskrárliði í samstarfi við dagskrárstjóra. Í því samstarfi höfum við unnið að því að bæta útvarpsefnið og gera það aðgengilegra. Biskupsstofa er í góðum tengslum við söfnuði kirkjunnar, innan þjóðkirkju og utan, við að sinna þessu mikilvæga verkefni. Helgihald sunnudagsins skartar gjarnan fjölbreyttri tónlist, framúrskarandi kórum, organistum og hljóðfæraleikurum og útleggingu á kærleiksboðskap kristninnar sem á erindi við hverja manneskju.

Þjóðkirkjan ber þær skyldur umfram aðra kristna söfnuði á Íslandi að tryggja þjónustu um land allt. Kirkjunni ber að þjóna fólki jafnt í miðborg Reykjavíkur sem í hinum dreifðu byggðum landsins og þær skyldur axlar hún. Það er fólkið í hverri sókn sem ber uppi starf kirkjunnar. Því má segja að kristin kirkja sé ein stærsta sjálfboðaliðahreyfingin á Íslandi. Kirkjunnar fólk er stöðugt að eflast að fagmennsku og fjölbreytileika. Sem dæmi um það má líta til framtaks Hjálparstarfs kirkjunnar sem hefur að leiðarljósi í öllu sínu starfi, innanlands og utan, að styðja fólk til sjálfshjálpar. Fram undan er jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar sem hefst með guðsþjónustu í Hallgrímskirkju í upphafi kirkjuársins, á fyrsta sunnudegi í aðventu, 27. nóvember nk. kl. 11. Frá því helgihaldi verður útvarpað í RÚV allra landsmanna, á Rás eitt.

Fólkið í kirkjunni sækist m.a. eftir þeirri andlegu næringu sem kirkjan hefur upp á að bjóða. Sú næring veitir frið í órótt hjarta, von þar sem vonleysi blasir við, trú þegar tilgangur lífsins virðist vandséður og kærleika þegar napurt er. Starfið eflir félagsauðinn og gerir samfélagið betra í sveit og borg. Samstarf kirkju og RÚV er dýrmætt í þessu ljósi og þakkarvert að RÚV skuli vera farvegur hins góða boðskapar. Það er eins með helgihaldið og aðra góða dagskrárliði RÚV að unnt er að nálgast þá í hlaðvarpinu.

**Helgihald sunnudagsins skartar gjarnan fjölbreyttri tónlist, framúrskarandi kórum, organistum og hljóðfæraleikurum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




**Sigurvegari** Valgerður er hér brosmild enda verið að tilkynna henni um sigur í fyrsta bardaga hennar á ferlinum MYND/ÁRNI TORFASON

# Ég gat ekki hætt að brosa

**Valgerður Guðsteinsdóttir varð um helgina fyrsta íslenska konan til þess að keppa sem atvinnumaður í hnefaleikum. Atvinnumannsferill hennar fer vel af stað því hún var með mikla yfirburði í bardaganum. Hún ætlar sér stóra hluti eða sjálfan heimsmeistaratitilinn. Valgerður hefur æft hnefaleika í rúm sex ár.**

**HNEFALEIKAR** „Mér líður rosalega vel. Mjög sátt eftir góða uppskeru,“ segir Valgerður Guðsteinsdóttir himinlifandi er íþróttadeild heyrði í henni frá Svíþjóð í gær. Hún var þá enn í sjöunda himni eftir frábæra byrjun á atvinnumannsferli sínum.

Hún mætti þá hinni sænsku Angelique Hernandez sem var að keppa sinn þriðja atvinnumannsbardaga. Hún hafði unnið einn bardaga og tapað einum. Annað tapið kom í Stokkhólmi á laugardag því hún átti aldrei möguleika gegn valkyrjunni frá Íslandi.



Valgerður æfir 2-3 á dag. mynd/snorri björnsson

### Mikill andlegur undirbúningur

Það var ekki að sjá neitt stress á okkar konu sem tók strax völdin í bardaganum og kýldi Hernandez niður í fyrstu lotu. Yfirburðir Valgerðar héldu áfram út bardagann og hún vann yfirburðasigur á stigum.

„Það er búinn að vera langur andlegur undirbúningur og stífar æfingar síðustu vikur. Þetta er ákveðinn léttir og mér líður vel að hafa uppskorið nákvæmlega eins og ég vildi,“ segir Valgerður en það var ekkert stress í henni í Stokkhólmi.

„Mér leið mjög vel er ég labbaði inn í hringinn. Ég var ótrúlega glöð og gat ekki hætt að brosa. Ég var svo ánægð yfir því að þetta væri loksins að gerast. Það var smá jákvætt stress sem vann með mér,“ segir Valgerður og skellir upp úr er hún rifjar upp þessa eftirminnilega stund.

„Allar loturnar gengu mjög vel og ég er yfir mig ánægð að hafa sýnt svona góða frammistöðu. Ég kýldi hana tvisvar niður. Það skipti mig engu máli hvort ég kláraði hana á stigum eða rothöggi. Það sem mér fannst skipta máli var að sýna góða frammistöðu.“

Eins og gefur að skilja var mikið spennufall eftir bardagann en hvernig hélt hún upp á sigurinn?

„Við fórum út að borða. Ég fékk mér góða nautasteik og sósu. Það hefur verið lítið um sósur síðustu vikur. Svo var bara slakað á áður en ég sofnaði vel. Það var mjög gott.“

### Elskar áskoranir

Valgerður er 31 árs gömul og er búin að æfa hnefaleika síðan í lok ársins 2009. „Ég sá að þetta var íþrótt sem myndi henta mér vel. Þetta er spennandi og krefjandi íþrótt. Allt sem fær mig til að vaxa finnst mér heillandi. Ég reyni að taka áskorunum,“ segir Valgerður en hún spilaði fótbolta sem barn en svo ekkert þar til hún fór í hnefaleikana.

Hún þreytti ellefu áhugamannabardaga á sex árum og það gekk vel hjá henni. Valgerður sá þá að hún hefði erindi í að fara lengra í íþróttinni.

„Ég er búinn að hugsa alvarlega um þetta í tvö ár. Það krefst mikils undirbúnings ef maður vill gera þetta vel og þá er betra að bíða aðeins og vanda til verka. Ég er að æfa mjög mikið. Tvisvar og stundum þrisvar á dag. Ég reyni samt að æfa skipulega og skynsamlega. Ég er líka í tveimur störfum þannig að þetta tekur allan minn aukatíma,“ segir Valgerður sem er gift en barnlaus. Þau hjónin eru með hund sem Valgerður segist ætla að sinna vel er hún kemur heim. Eiginmaðurinn var með henni úti er hún keppti.

„Hann er spenntur þegar ég keppi en hann veit alveg hvað ég get. Hann hefur því ekki miklar áhyggjur af mér í hringnum.“

Valgerður á sér stóra drauma og fer ekkert leynt með það. „Ég er búin að sýna mig og sanna og held að ég eigi að fá góðan bardaga næst. Ég ætla mér alla leið í þessu og það er heimsmeistaratitill. Ég á alveg góðan möguleika á því. Ég hef mikla trú á mér.“ **henry@frettabladid.is**



**Kolbeinn gengur inn í hringinn.**

## Enn og aftur rothögg

**HNEFALEIKAR** Þungavigtarkappinn Kolbeinn Kristinsson er enn ósigraður í átta bardögum.

Kolbeinn mætti að þessu sinni Archil Gigolashvili og Georgíumaðurinn hafði ekkert að gera í hringinn gegn Garðbæingnum. Kolbeinn mun stærri og með lengri vel til að halda Georgíumanninum frá sér og í annarri lotu kom Kolbeinn þungu skrokkhöggi á Gigolashvili sem felldi hann. Hann komst ekki á fætur fyrr en dómarinn hafði blásið bardagann af. Kolbeinn vann því á tæknilegu rothöggi.

„Ég og þjálfararnir mínir vorum búnir að leggja upp það plan að vinna með vinstri stunguna og nýta hana til að stilla upp fyrir skrokkhögg. Sú áætlun gekk óaðfinnanlega upp því strax í fyrsta skrokkhögginu fór hann á hné og lét telja sig úr bardaganum. Hann vildi greinilega ekki meira,“ sagði Kolbeinn. **– hbg**

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 12. umferðar 2016-17**

**Man. Utd. - Arsenal 1-1**
1-0 Juan Mata (68.), 1-1 Olivier Giroud (89.).

**Stoke - Bournemouth 0-1**
0-1 Nathan Ake (26.)

**Southampt. - Liverpool 0-0**

**C. Palace - Man. City 1-2**
0-1 Yaya Toure (39.), 1-1 Connor Wickham (66.), 1-2 Yaya Toure (83.).

**Watford - Leicester 2-1**
1-0 Etienne Capoue (1.), 2-0 Roberto Pereyra (12.), 2-1 Riyad Mahrez, víti (15.).

**Sunderland - Hull 3-0**
1-0 Jermain Defoe (34.), 2-0 Victor Anichebe (62.), 3-0 Victor Anichebe (84.).

**Everton - Swansea 1-1**
0-1 Gylfi Þór Sigurðsson, víti (41.), 1-1 Seamus Coleman (89.)

**Tottenham - West Ham 3-2**
0-1 Michail Antonio (24.), 1-1 Harry Winks (51.), 1-2 Manuel Lanzini, víti (68.), 2-2 Harry Kane (89.), 3-2 Harry Kane, víti (91.).

**Middlesbrough - Chelsea 0-1**
0-1 Diego Costa (41.).

**West Brom - Burnley**
Lokaleikur umferðarinnar fer fram klukkan 20.00 í kvöld og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 12 | 9 | 1 | 2 | 27-9 | 28 |
| Liverpool | 12 | 8 | 3 | 1 | 30-14 | 27 |
| Man. City | 12 | 8 | 3 | 1 | 27-11 | 27 |
| Arsenal | 12 | 7 | 4 | 1 | 25-12 | 25 |
| Tottenham | 12 | 6 | 6 | 0 | 18-8 | 24 |
| Man. Utd. | 12 | 5 | 4 | 3 | 17-14 | 19 |
| Everton | 12 | 5 | 4 | 3 | 16-14 | 19 |
| Watford | 12 | 5 | 3 | 4 | 17-20 | 18 |
| B'mouth | 12 | 4 | 3 | 5 | 14-16 | 15 |
| S'ton | 12 | 3 | 5 | 4 | 12-12 | 14 |
| Burnley | 11 | 4 | 2 | 5 | 11-15 | 14 |
| WBA | 11 | 3 | 4 | 4 | 12-15 | 13 |
| Stoke | 12 | 3 | 4 | 5 | 13-19 | 13 |
| Leicester | 12 | 3 | 3 | 6 | 14-20 | 12 |
| M'brough | 12 | 2 | 5 | 5 | 10-13 | 11 |
| Crystal P. | 12 | 3 | 2 | 7 | 17-21 | 11 |
| West Ham | 12 | 3 | 2 | 7 | 13-23 | 11 |
| Hull | 12 | 3 | 1 | 8 | 10-27 | 10 |
| Sunderland | 12 | 2 | 2 | 8 | 12-21 | 8 |
| Swansea | 12 | 1 | 3 | 8 | 11-22 | 6 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**


Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**
Skoraði úr vítaspyrnu í 1-1 jafntefli við Everton. Á sama tíma vann Sunderland og því er Swansea komið í botnsætið. Gylfi fiskaði vítið sjálfur. Þetta var þriðja mark hans á tímabilinu.


Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**
Lék allan tímann í 3-2 heimasigri á Huddersfield. Cardiff er í 21. sæti, tveimur stigum frá fallsæti.


Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**
Lék sem fremsti maður í markalausu jafntefli við Preston. Wolves hefur ekki unnið leik í tæpa tvo mánuði.


Fulham
**Ragnar Sigurðsson**
Stóð vaktina í vörn Fulham sem gerði 1-1 jafntefli við Sheff. Wed á heimavelli. Jöfnunarmark Fulham kom í uppbótartíma.


Bristol City
**Hörður B. Magnússon**
Spilaði allan tímann í hjarta varnarinnar þegar Bristol tapaði 1-0 fyrir Birmingham. Þriðja tap Bristol í fimm leikjum.



Yaya Touré átti magnaðan leik fyrir Man. City og svaraði á réttan hátt eftir allt fjaðrafokið. Hér fagnar hann um helgina og mátti svo sannarlega við því að fagna miðað við frammist

# Það er greinilega aldrei of seint að

**Eftir sápuóperu síðustu mánaða var Yaya Touré mættur aftur í byrjunarlið Manchester City gegn Crystal Palace í f sig og tryggði Man City sigurinn með tveimur mörkum. Virkilega sæt endurkoma hjá miðjumanninum eftir allt f**

**FÓTBOLTI** Margir ráku upp stór augu þegar byrjunarlið Manchester City birtist um klukkutíma fyrir leikinn gegn Crystal Palace á laugardaginn. Tíu af ellefu nöfnum á blaði komu lítið á óvart. En athygli vakti að Yaya Touré var óvænt mættur aftur í byrjunarlið Man City í fyrsta sinn í deildarleik síðan 23. apríl á þessu ári og í fyrsta sinn undir stjórn Peps Guardiola. Og Touré þakkaði traustið og skoraði bæði mörkin í 1-2 sigri Man City.

### Mikið rifrildi

Fátt benti til þess Touré ætti afturkvæmt í lið Man. City eftir atburði síðustu mánaða. Mikið hefur gengið á að tjaldabaki á Etihad en ásakanir hafa gengið á víxl á milli Guardiola og Touré, eða öllu heldur umboðsmanns Fílabeinsstrendingsins, Dimitri Seluk. Það er sami maður og kvartaði sáran í fjölmiðlum eftir að Touré fékk ekki köku frá Man City á 31 árs afmælinu sínu.

Réttstöðulyftan er besta grein Júlíans og þar lyfti hann 380 kílóum sem dugði til heimsmeistaratitils. Þessi lyfta var jafnframt Evrópumet unglinga. Hann átti góða tilraun við 390 kíló en það gekk ekki að þessu sinni.

Júlían reyndi að bæta sinn besta persónulega árangur í hnébeygju og bekkpressu en það gekk ekki upp hjá honum að þessu sinni.

Hann lyfti aðeins byrjunarþyngd í hnébeygju sem var 385 kíló. Hann á best 400 kíló þar. Í bekkpressu lyfti hann 305 kílóum og átti líka ágætis tilraun við 315 kíló. Samanlagt lyfti Júlían 1.070 kílóum en heimsmeistarinn í samanlögðu, Blaine Sumner frá Bandaríkjunum, lyfti 1.200 kílóum.

Þessi árangur Júlíans er auðvitað frábær og ljóst að hann mun láta að sér kveða á næstu árum.

Viktor Hólmgeirsson tók einnig þátt á mótinu en hann tók þátt í -120 kg flokki. Þar lyfti Viktor sléttu tonni sem skilaði honum í sjötta sætið. Hann var að keppa á sínu fyrsta heimsmeistaramóti rétt eins og Júlían.

Viktor lyfti 375 kílóum í hnébeygju og bætti Íslandsmet Auðuns Jónssonar um 10 kíló.

Hann lyfti 307,5 kílóum í bekkpressu og í réttstöðulyftunni lyfti hann 317,5 kílóum og jafnaði þar með sinn besta árangur í samanlögðu. **– hbg**

## Þau áttu helgina

### Rosenborg
*Íslendingarnir tvöfaldir meistarar*



Norska liðið Rosenborg varð í gær norskur bikarmeistari eftir 4-0 sigur á Kongsvinger í úrslitaleik. Rosenborg er því tvöfaldur meistari annað árið í röð en það hefur ekkert lið nokkru sinn afrekað. Hólmar Örn Eyjólfsson, Guðmundur Þórarinsson og Matthías Vilhjálmsson leika allir með liðinu. Hólmar var í liðinu í gær, Matthías kom af bekknum en Guðmundur spilaði ekki.

### Máni og Katrín
*Íslandsmeistarar í kumite*



Nýir Íslandsmeistarar voru krýndir í opnum flokki í kumite um helgina. Máni Karl Guðmundsson vann opna flokkinn í fyrsta skipti og 67 kg flokkinn. Katrín Inga Björnsdóttir vann opna flokkinn hjá konunum eftir sigur á Telmu Rut Frímannsdóttur sem hafði unnið opna flokkinn sex ár í röð. Fylkir vann keppni liða og Þórshamar varð í öðru sæti.

### Lexi og Gaui
*Handboltamenn hjá Rhein-Neckar Löwen*



Alexander Petersson og Guðjón Valur Sigurðsson fóru báðir á kostum í liði Löwen sem lagði Füchse Berlin, 30-25, í þýska boltanum í gær. Alexander var markahæstur allra á vellinum með tíu mörk og Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta. Þetta var sjöundi sigur Löwen í röð en liðið er nú í þriðja sæti þýsku úrvalsdeildarinnar.


FJÖLNOTA KOSTAR MINNA
– LÍKA FYRIR UMHVERFIÐ!



120 KR. SVARTUR sterkur og notadrjúgur
180 KR. RAUÐUR léttur og passar í veski
150 KR. GRÁR með hólfum fyrir flöskur

ENNEMM / SÍA

Berðu saman plastpoka og fjölnota poka.
Eftir það berðu bara fjölnota poka.
Umhverfisvernd er hluti af samfélagslegri ábyrgð.

VÍNBÚÐIN

# List hins sögulega


Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur


Óneitanlega er ögn farið að fenna yfir minningar manns af bókum Enidar Blyton – og þó. Voru þetta ekki Finnur og Dísa og Jonni og Anna, Georg og Gunnar lögregluþjónn, Eyrnastór, Doddi og Kidda keila … Og Kíkí og einhver hundur?

**Fimm fræknu**

Maður man ekkert hver var hvar enda hétu þau meira og minna sömu nöfnum. Man þó að minnsta kosti að í Fimm-bókunum voru fjórir krakkar og einn hundur; í Dularfullu bókunum var Finnur alltaf að fara í dulargervi og plata Gunnar lögregluþjón; en yfir Ævintýrabókunum grúfði einhver illskilgreinanleg ógn. Í öllum þessum bókum var mikið borðað – samlokur með glóaldinmauki, ef ég man rétt – maður varð gjarnan mjög svangur af að lesa þetta og fór fram í eldhús í leit að hinum lokkandi glóaldinmauki, en gallinn var bara sá að maður vissi ekki alveg hvað það var, enda marmelaði ekki nándar nærri jafn girnilegt orð.

Sum sé – Fimm fræknu. Veit ekki hvað við eigum að ganga langt með líkinguna þegar við hugleiðum núverandi stjórnarmyndunarviðræður … hver væri Jonni og hver Anna og umfram allt: hver tæki að sér að vera hundurinn? Við skulum ekki dvelja um of við það heldur hafa hugann við hitt: þau leysa málin – þau vinna saman – þau eru ósigrandi. Hvert þeirra með sín einkenni og sitt næmi á aðstæður, öll njóta þau sín, enda gæta þau þess að fá sér reglulega samloku með glóaldinmauki að ógleymdu hinu dularfulla fleski.

Litla samfélagið þeirra er umsetið af bófum og ræningjum, smyglurum og loddurum sem villa á sér heimildir og færa verðmæti sem samfélaginu ber burt til framandi eyja eins og Tortóla og grafa þar í jörðu, en hin ráðsnjöllu og fræknu fimm finna leiðir til að fletta ofan af þessum skúrkum og koma þeim undir manna hendur. Ekkert þeirra myndi nokkru sinni fara í ríkisstjórn með þeim.

**Samhljómur**

Eigum við kannski að hætta að tala um rykfallnar barnabækur? Tölum heldur um tónlist. Hún endurspeglar lögmál tilverunnar. Tvíund er ekki hreint tónbil og hljómar ekki vel – tónarnir liggja of mikið saman; þannig var með Sjálfstæðisflokk og Framsókn: þeir draga fram það versta hvor í öðrum, og kannski má líka segja hið sama um stjórn Samfylkingar og Vg, sem varð smám saman eins og símalínusuð.

> **Tvíund er ekki hreint tónbil og hljómar ekki vel – tónarnir liggja of mikið saman; þannig var með Sjálfstæðisflokk og Framsókn: þeir draga fram það versta hvor í öðrum, og kannski má líka segja hið sama um stjórn Samfylkingar og Vg, sem varð smám saman eins og símalínusuð.**

Þríundin er sæt og fagurhljómandi en átakalítil til lengdar, en fimmund er hins vegar tilkomumesta tónbilið, þar ríkir rétta spennan – þegar vel tekst til þá titrar allt þegar hún ómar um glugga og þil en sé söngfólkið ekki með allt sitt á hreinu – algjörlega einbeitt – getur orðið til minnkuð fimmund, sem er afar ómstríð, getur vissulega verið skemmtileg, en var af kirkjunni gefið nafnið „diabolus in musica“ eða tónskratti.

Forláið þessar langdregnu og óljósu líkingar: þetta er sem sé allt spurning um harmoníu, jafnvægi, samhljóm; og við sem höfum sungið í kór höfum lært að syngja inn í hljóminn, afsala okkur eigin prívatrödd til að verða hluti af einhverju sem er miklu stærra en maður sjálfur. Fimmundarstjórnin hefur alla burði til að svo megi verða: Katrín óumdeildur leiðtogi sem nýtur virðingar hvarvetna í þjóðlífinu – og á að verða forsætisráðherra, hvað sem líður meintum ófrávíkjanlegum píratakröfum um utanþingsráðherra, sem við lesum um í míðlum Sjálfsóknarflokksins. Kjósendur úr öllum flokkum vilja Katrínu.

Eru þetta annars fimm flokkar? Eru þetta kannski Vg og splundruð Samfylking? Þetta er að minnstra kosti allt hluti af einum og sama þjóðlífsstraumnum. Það verður fróðlegt að sjá hvað kemur út úr samvinnu vinstri manna við frjálslynda flóttamenn úr Sjálfstæðisflokknum; frjálslyndi er ein mikilsverð arfleifð vinstri manna allt frá 19. öld. Samstarf vinstri flokkanna við Framsókn var oft ansi dýru verði keypt – heil Orkuveita handa Alfreð að leika sér með í R-lista og frjálst framsal kvóta kom út úr síðustu fimmflokkastjórn vinstri manna og Framsóknar (að ógleymdum Þórshafnararmi Framsóknar sem fékk heilan togara).

Hver étur nú upp eftir öðrum að stjórnmál séu „list hins mögulega“. Mikil ósköp. En það er einhver lítilþægni í þessu máltæki, rétt eins og í hinni ömurlegu speki um að auðvelt sé að vera vitur eftirá.

Ríkisstjórnir verða að hugsa um það sem þær fá áorkað þegar þær leggja af stað í förina, hver verður minnisvarðinn, fyrir hvað þeirra verður minnst – hvernig þær bættu líf landsmanna. Og stundum verða stjórnmál einmitt list hins ómögulega þegar þarf að sigrast á margvíslegum hindrunum og komast gegnum hagsmunaþykknið á nýjar lendur betra mannlífs. Þá getur eitthvað stórkostlegt gerst. Stjórnmál eru list hins sögulega.



Fulltrúar fimmflokksins funduðu áfram um stjórnarmyndun í Alþingishúsinu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR







## Merkisatburðir

**235** Anþeros verður páfi.
**1272** Játvarður verður konungur Englands.
**1393** Bardagi verður á Núpi í Dýrafirði á milli Björns Einarssonar og Þórðar Sigmundssonar. Tveir falla og margir særast. Menn Þórðar hafa betur.
**1620** Skipið Mayflower kemst inn fyrir Þorskhöfða í Nýja heiminum.
**1919** Helgi Hóseasson fæðist.
**1931** Fyrsta útvarpsleikritið er flutt í Ríkisútvarpinu. Þar eru leiknir kaflar úr Bóndanum á Hrauni eftir Jóhann Sigurjónsson.
**1974** 21 lætur lífið í sprengjuárásum Írska lýðveldishersins í Birmingham á Englandi.
**1974 George W. Bush er rekinn úr bandaríska flughernum.**



**1993** Stöð 2 hefur útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva undir heitinu Fjölvarp.
**2005** Ariel Sharon segir sig úr Likud-bandalaginu í Ísrael og stofnar nýjan flokk, Kadima.





Miðbær Ísafjarðarbæjar, stærsta þéttbýliskjarna Vestfjarða, er væntanlega umhverfisvænn eins og aðrir staðir á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vestfirðingar fá umhverfisvottun

**Sveitarfélögin á Vestfjörðum fá umhverfisvottun EarthCheck. Standast þurfti 25 mælikvarða til að fá vottunina. Verkefnisstjóri segir Vestfirðinga í skýjunum.**

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa fengið silfurvottun frá umhverfisvottunarsamtökunum EarthCheck. Sveitarfélögin höfðu undanfarin þrjú ár þurft að standast viðmið sem umsóknarsvæði en sótt var um vottunina í fyrsta sinn í sumar.

„Við erum í skýjunum með að fá þessa vottun. Þetta er mikið gleðiefni. Við erum búin að vera að vinna að þessu í nokkur ár og það voru þvílík gleðitíðindi að við skyldum standast þessa mælikvarða," segir Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnisstjóri hjá Fjórðungssambandi Vestfjarða.

Lína Björg segir sveitarfélögin hafa þurft að standast 25 mælikvarða. Nokkur sveigjanleiki hafi verið á mælingunum og máttu sveitarfélögin mælast örlítið undir striki eða yfir. Alls segir hún að þau hafi mælst yfir striki í sautján atriðum.

„Vottunin segir það að sveitarfélögin á Vestfjörðum starfi í anda samfélagslegrar ábyrgðar og vinni að því að svæðið verði sjálfbært. Þau kaupa vottaðar vörur, huga að því að minnka orkunotkun ásamt því að flokka sorp og minnka sorpmagn og þess háttar," segir Lína.

> **Vottunin segir það að sveitarfélögin á Vestfjörðum starfi í anda samfélagslegrar ábyrgðar og vinni að því að svæðið verði sjálfbært.**
>
> Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri



Hún segir starfið kallast á við það sem sé að gerast í heiminum í dag og nefnir í því samhengi Parísarsamkomulagið. „Það er verið að reyna að minnka losun óæskilegra efna. Sveitarfélögin sýna samfélagslega ábyrgð með því að taka þátt í þessu verkefni."

EarthCheck, sem veita vottunina, eru alþjóðleg samtök sem hafa höfuðstöðvar í Ástralíu. Þau eru einu samtökin sem gefa út umhverfisvottun fyrir starfsemi sveitarfélaga og eru þar þættir á borð við innkaup, orkunýtingu, vatnsnotkun og sorpförgun skoðaðir.

Ásamt því að vinna að því að fá fyrrnefnda vottun hafa sveitarfélögin á Vestfjörðum staðið að verkefninu Plastpokalausir Vestfirðir. Það verkefni er í raun sprottið út frá umhverfisvottunarverkefninu og hefur Lína stýrt verkefnunum hvoru samhliða öðru.

Ásamt sveitarfélögunum á Vestfjörðum eru sveitarfélögin á Snæfellsnesi með vottun frá EarthCheck. Sú er gullvottun.

**thorgnyr@frettabladid.is**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðbjörn Ásgeirsson**
matreiðslumeistari,

lést af slysförum aðfaranótt miðvikudags 16. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram þriðjudaginn 22. nóvember kl. 14.00 frá Víðistaðakirkju.

**Guðrún Gerður Guðbjörnsdóttir**
**Guðmunda Rut Guðbjörnsdóttir** **Ragnar Víðir Kristinsson**
**Arnar Helgi Guðbjörnsson** **Anna Lára Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær sonur okkar, faðir, bróðir, kærasti og stjúpfaðir,

**Adam Steinn Guðmundsson**

er látinn.
Útför fer fram frá Seljakirkju 23. nóvember kl. 13.00

Minning hans lifir.

**Þorbjörg Steins Gestsdóttir** **Guðmundur H. Gústafsson**
**Daníel Steinn Adamsson**
**Eva A. Peters** **Sigfús Svanbergsson**
**Donna Kristjana Peters** **Ragnar Már Magnússon**
**og synir,**
**Thelma H. Hilmarsdóttir og synir.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Davíð Rúrik Höjgaard**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 12. nóvember. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík 22. nóvember kl. 15.00.

**Margrét Davíðsd. Höjgaard** **Ólafur Eiríksson**
**Ólöf Höjgaard** **Martin Guðmundsson**
**afa-, langafa- og langalangafabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Þorvaldsdóttir**
Sjávargrund 12a, Garðabæ,

andaðist sunnudaginn 13. nóvember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 22. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins.

**Elín L. Egilson** **Holger Torp**
**Sveinbjörn Á. Egilson**
**Þorvaldur S. Egilson** **Aðalheiður Rúnarsdóttir**
**Guðríður Egilson**
**Þorsteinn Egilson** **Eygló Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar yndislega

**Karí Karólína Eiríksdóttir**
**áður Lund Hansen**
sjúkraliði,
Kleppsvegi 142,

sem lést þann 16. nóvember sl., verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 25. nóvember kl. 14.00.

**Með kærleikskveðju,**

**Edda D. Sigurðardóttir** **Sigurður K. Kolbeinsson**
**Birna K. Sigurðardóttir** **Erlingur Hjaltested**
**Ellisif A. Sigurðardóttir** **Hafliði Ragnarsson**
**Sunna M. Sigurðardóttir** **Davíð Ö. Vignisson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir og mágkona,

**Hrefna Guðbjörg Oddgeirsdóttir**
frá Vestmannaeyjum,
Mávahlíð 1, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 23. nóvember kl. 15.00.

**Sara Hafsteinsdóttir** **Þórólfur Guðnason**
**Svava Hafsteinsdóttir** **Ólafur H. Sigurjónsson**
**Oddgeir Eysteinsson** **Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir**
**Hildur K. Oddgeirsdóttir** **Hafsteinn G. Guðfinnsson**
**og aðrir aðstandendur.**


Ólöf 303
Það er gott að vera í viðskiptum við Samskip
Ólöf Agnarsdóttir
skrifstofustjóri viðskiptaþjónustudeildar
Elkem Íslandi
> Við hjá Samskipum leggjum okkur fram um að kynnast viðskiptavinum okkar og þekkja þarfir þeirra
Samskip bjóða upp á heildarlausnir á sviði flutninga og við leggjum stolt okkar í að uppfylla væntingar kröfuharðra viðskiptavina. Persónuleg og traust þjónusta um allan heim.
SAMSKIP
Saman náum við árangri
www.samskip.is
ENNEMM / SÍA / NM73880

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Hæg norðlæg átt og dálítil él austanlands, suðlægari og él norðvestanlands, en annars léttskýjað. Frost yfirleitt 0 til 5 stig.

### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -2° | -3° |
| ↑ 6 | → 4 | ↗ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -8° | -2° | -5° |
| ↑ 5 | ↓ 3 | ↑ 7 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | 0° | 0° |
| ↑ 5 | ↗ 8 | → 7 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 0° | 2° | -3° |
| → 7 | ↓ 2 | ↑ 6 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skraf
6. skst.
8. hamfletta
9. pfn.
11. belti
12. blær
14. korr
16. í röð
17. stilla
18. besti árangur
20. í röð
21. einsöngur

**LÓÐRÉTT**
1. útmá
3. frá
4. burnirót
5. eldur
7. rauðber
10. litningar
13. pípa
15. ker
16. tunna
19. golfáhald

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** fr, **8.** flá, **9.** mig, **11.** ól, **12.** áferð, **14.** snörl, **16.** áb, **17.** róa, **18.** met, **20.** tu, **21.** aría.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** af, **4.** blóðrót, **5.** bál, **7.** rifsber, **10.** gen, **13.** rör, **15.** laug, **16.** áma, **19.** tí.

### Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.853) átti leik gegn Sergey Karjakin (2.772) í sjöttu skák heimsmeistaraeinvígis þeirra í New York.



**Svartur á leik**

**18. ... h6! 19. Re6 Dd5 20. f3 Hfe8 21. He5 Dd6 22. c3 Hxe6 23. Hxe6 Dxe6 24. cxb4 cxb4.** Mislitir biskupar og var jafntefli samið átta leikjum síðar. Staðan í hálfleik var því 3-3. Sjöunda skák einvígisins var tefld í gærkvöldi.

**www.skak.is:** Allt um heimsmeistaraeinvígið.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | 7 | 1 | | | 3 | | |
| | | | 2 | | | 4 | 5 | |
| | 6 | 8 | 9 | | | | 1 | |
| 3 | 2 | | 4 | | 6 | 8 | 9 | |
| | | | 5 | | | 2 | 3 | 6 |
| | | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 3 | | | | 1 | | 8 | |
| | 9 | | | | | 6 | | |
| 8 | | 2 | | 9 | | | 4 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | | 6 | 7 |
| | | | 8 | | 4 | | | 5 |
| 2 | | | | 6 | 7 | | | 8 |
| | 1 | 7 | 2 | | | | 3 | 9 |
| | | 9 | | | | 4 | 8 | |
| | 3 | | | | 6 | 5 | | |
| 9 | | 8 | 3 | | | | 5 | |
| | 5 | | | | | | 2 | 4 |
| 1 | | | | 7 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 8 | | | | | 6 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 5 | | | 2 |
| 9 | | 3 | 8 | | | | | |
| 4 | | 2 | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 4 | | | | |
| | 1 | | | | 7 | | | |
| | | | 3 | | | | 7 | |
| 3 | 9 | | | | | | | |
| | 6 | 7 | | | 9 | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 | 6 | 4 |
| 2 | 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 4 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 7 | 3 | 6 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 | 6 | 7 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | 6, 9 |
| FLÖSKUSKEYTI FRÁ P | 8, 10.25 |
| HACKSAW RIDGE | 8, 10.45 |
| TRÖLL 2D ÍSL.TAL | 6 |
| BRIDGET JONES'S BABY | 5.30 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5 - 7 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D VIP | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| SJÖUNDI DVERGURINN ÍSLTAL | KL. 6 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:45 |
| JACK REACHER 2 | KL. 10:45 |
| THE GIRL ON THE TRAIN | KL. 8 |
| STORKAR ÍSLTAL | KL. 5 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 8 - 10 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 5:10 - 7 - 10:40 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:10 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 8 - 10:40 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5 - 6 - 8 - 9 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| FANTASTIC BEASTS 3D | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| THE LIGHT BETWEEN OCEANS | KL. 8 |
| THE ACCOUNTANT | KL. 10:45 |
| DOCTOR STRANGE 2D | KL. 5:30 |








# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Mánudagur

hvar@frettabladid.is

### 21. NÓVEMBER 2016

### Viðburðir

**Hvað?** Fyrirlestur: Söngvar kirkjunnar fyrr og nú í aðdraganda aðventu og jóla
**Hvenær?** 11.40
**Hvar?** Aðalbygging Háskóla Íslands, stofu 229

Margrét Bóasdóttir heldur fyrirlestur í boði Guðfræðistofnunar. Enginn tími kirkjuársins er eins ríkulega tengdur tónlist og jól og aðventa. Tónlistinni sem er aðeins flutt á einum mánuði árlega. Hvaða tónlist er það sem túlkar jólaboðskapinn í hinum ýmsu löndum? Hvað syngja þjóðirnar á jólum og hvaða stóru tónverk færa okkur fagnaðarboðskapinn? Fjallað verður um sálma og tónverk jólatímans með tóndæmum og jafnvel verður æft fyrir jólamessuna með viðstöddum! Margrét Bóasdóttir er söngmálastjóri þjóðkirkjunnar og stundakennari við guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands á haustönn. Hún er menntuð söngkona, kórstjóri og tónlistarkennari og kirkjutónlistin hefur verið hennar vettvangur í söng og tónlistarfræðslu. Sálmar eru hennar sérstaka áhugamál og sálmasöngur með því skemmtilegasta sem hún veit.

**Hvað?** NATO – nýjar áskoranir í Norður-Evrópu
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu

Petr Pavel, hershöfðingi, formaður hermálanefndar NATO, flytur fyrirlestur á hádegisfundi Varðbergs. Undanfarin misseri hefur sú breyting orðið á stöðu öryggismála í Evrópu að meiri athygli en áður beinist að jaðarsvæðunum í suðri og norðri. Spenna hefur vaxið á Eystrasalti og fjögur herfylki undir merkjum NATO verða á næsta ári flutt til Eistlands, Lettlands, Litháens og Póllands. Á Varðbergsfundinum gefst einstakt tækifæri til að kynnast viðhorfi formanns hermálanefndar NATO til nýrra áskorana bandalagsins í Norður-Evrópu. Tékkneski hershöfðinginn Petr Pavel hefur verið formaður hermálanefndar NATO síðan 26. júní 2015. Hann var yfirmaður herafla Tékklands frá júlí 2012 til maí 2015.

**Hvað?** Mítlar og mítilbornar sýkingar í Norður-Evrópu
**Hvenær?** 12.20
**Hvar?** Keldur við Vesturlandsveg

Sigurður Skarphéðinsson, yfirlæknir á smitsjúkdómadeild Odense Universitetshospital (OUH) í Danmörku og forstjóri Clinical Center for Emerging and Vector-borne Infections, OUH heldur fyrirlesturinn þar sem hann fjallar mítla og mítilbornar sýkingar. Á seinni árum hefur mikilvægi mítilborinna smitsjúkdóma í Evrópu aukist. Orsaka þessa má leita í breyttu loftslagi, breyttum landbúnaðarháttum og mannlegu atferli. Rannsóknir á mítlum hafa samtímis leitt í ljós að þeir bera mun fleiri sjúkdómsvalda en áður var talið. Fram að þessu hafa mítilbornar sýkingar ekki verið vandamál á Íslandi en með aukinni skógrækt og breyttu loftslagi opnast möguleikar á auknu landnámi mítla. Farið verður yfir nokkra þætti um mítla og mítilbornar sýkingar í norður Evrópu.

**Hvað?** Björk Digital
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Harpa

Stafrænn heimur Bjarkar eða Björk Digital er nýstárlegt sýndarveruleikaverkefni sem sameinar tónlist Bjarkar og nýjustu tölvutækni. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa gengst fyrir komu verkefnisins til Íslands í samvinnu við tónlistarhátíðina Iceland Airwaves. Sýningin var opnuð í byrjun nóvember, samhliða opnun Iceland Airwaves, en Björk var með tvenna tónleika í Hörpu á sama tíma. Gestir sýningarinnar fá að kynnast tónheimi Bjarkar á alveg nýjan hátt með því að njóta verka sem hún hefur gert í samvinnu við nokkra framsæknustu leikstjóra og forritara á sviði sýndarveruleika. Nýverið hélt Björk tónleika í Royal Albert Hall við meðleik strengjasveitar sem hlutu mikið lof gagnrýnenda sem og áheyrenda. Sem listamaður leitar Björk stöðugt nýrra tjáningarforma og hefur beitt nýjustu tækni við myndgervingu verka sinna. Hún telur að með nýrri sýndarveruleikatækni sé hægt að ná tengslum við áheyrendur á annan og nánari hátt en fæst með því að hlusta á geisladisk eða hlýða á tónleika. Hér er á ferðinni ný tegund af persónulegum listflutningi þar sem áheyrendur upplifa tónlistina í næði og beinu sambandi við listamanninn. „Skilnaðarplötu“ Bjarkar, Vulnicura, má rekja til þess afar persónulega viðburðar sem sambandsslit eru. Platan varð grunnurinn að sýndarveruleikasýningunni Björk Digital, þar sem möguleikar sýndarveruleika og tónlistar eru kannaðir. Á sýningunni geta gestir einnig upplifað gagnvirka margmiðlunarverkið Biophilia. Í verkinu renna náttúra, tónlist og tækni saman í eitt. Lögin í Biophiliu eru jafnframt forrit sem notuð eru við kennslu víða á Norðurlöndunum. Auk þess hafa 29 lög frá ferli Bjarkar verið endurhljóðblönduð fyrir 5.1 hljóðkerfi, sérstaklega fyrir þessa sýningu. Hægt er að hlusta á þau í réttri tímaröð í kvikmyndaherbergi sýningarinnar. Að sögn Bjarkar er hlutverk listamannsins m.a. „að gæða tæknina sál“. Það gerist svo sannarlega með þessari sýningu, sem þegar hefur ferðast til Ástralíu og Japans og er í októbermánuði í Somerset House í London.



Sr. Þórhallur Heimisson heldur námskeið um orrustur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sýningin Björk Digital er í fullum gangi í Hörpunni í dag.

**Hvað?** Suss!
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu

SUSS! var frumsýnt 21. okt. og hefur hlotið gríðarlega góð viðbrögð hjá áhorfendum. Nýtt leikverk eftir leikhópinn RaTaTam, í leikstjórn Charlotte Bøving, byggt á reynslusögum, þolenda, geranda og aðstandenda, um heimilisofbeldi.

**Hvað?** Námskeiði um örlagaríkustu orrustur sögunnar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Breiðholtskirkja

Leiðbeinandi er sr. Þórhallur Heimisson sem hefur sótt heim alla þá staði sem fjallað er um á námskeiðinu og skrifað bæði bækur og tímaritsgreinar um hernaðarsögu. Á námskeiðinu er fjallað um eftirfarandi orustur: 1. Heitu hverirnir – Sparta og Persar 480 f. kr. 2. Hattin – Krossfarar og múslímar og endalok krossfararíkisins í Ísrael 1187. 3. Umsátrið um Möltu – Jóhannesarriddarar og Tyrkir 1565. 4. Waterloo – Napóleon og Wellington 1815. 5. Innrásin í Normandí 1944. Allir sem taka þátt fá afhenta handbók um orrusturnar að námskeiði loknu. Skráning og nánari upplýsingar má fá á thorhallur33@gmail.com.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Slack Bay | 17:30, 22:15 |
| Baskavígin | 18:00 |
| Captain Fantastic | 17:45 |
| Gimme Danger | 20:00 |
| The Girl With All The Gifts | 20:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 20:00 |
| Child Eater | 22:30 |
| Eiðurinn ENG SUB | 22:00 |



# DAGSKRÁ

## Mánudagur

### STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 The Middle**
**08.10 2 Broke Girls**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Who Do You Think You Are**
**11.05 Sullivan & Son**
**11.30 Mike and Molly**
**11.50 My Dream Home**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 X-factor UK**
**14.00 X-factor UK**
**14.50 X-factor UK**
**15.40 Falcon Crest**
**16.30 Simpson-fjölskyldan**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Landnemarnir (2.9)** Landnámsferlið. Hvernig leit Ísland út við landnám? Var það viði vaxið milli fjalls og fjöru? Við kynnumst leyndardómum víkingaskipanna og spyrjum hvernig landnemarnir gátu dreifst svo hratt um landið að það varð fullbyggt á fáum áratugum.
**20.00 Lóa Pind. Bara geðveik** Vönduð og glæsileg þáttaröð í umsjón Lóu Pind. Við kynnumst þremur geðveikum ungmennum á þrítugsaldri, þeim Silju Björk, Brynjari Orra og Bjarneyju. Eins skyggnumst við inn í líf Ágústu sem hefur glímt við geðsjúkdóm í um aldarfjórðung.
**20.35 The Night Shift**
**21.20 Westworld**
**22.20 Eyewitness**
**23.05 The Path**
**23.55 Underground**
**00.40 Blindspot**
**01.25 Lucifer**
**02.10 Mistresses**
**02.55 Mistresses**
**03.40 The Third Eye**
**04.30 The Mysteries of Laura**
**05.15 Major Crimes**
**06.00 Bones**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.45 Seattle Seahawks - Philadelphia Eagles**
**10.05 Middlesbrough - Chelsea**
**11.45 Barcelona - Malaga**
**13.25 Atletico Madrid - Real Madrid**
**15.05 Leeds - Newcastle**
**16.45 Middlesbrough - Chelsea**
**18.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**18.50 Spænsku mörkin**
**19.20 Football League Show**
**19.50 WBA - Burnley**
**22.00 Messan**
**23.30 WBA - Burnley**
**01.10 Messan**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.15 Malta - Ísland**
**09.00 Sunderland - Hull**
**10.40 Stoke - Bournmouth**
**12.20 ÍR - KR**
**14.00 Keflavík - Grindavík**
**15.40 Stjarnan - Tindastóll**
**17.20 Man. Utd. - Arsenal**
**19.00 Seattle Seahawks - Philadelphia Eagles**
**21.30 Southampton - Liverpool**
**23.10 Crystal Palace - Man. City**

### STÖÐ 3

**17.00 Mike & Molly**
**17.20 League**
**17.45 New Girl**
**18.10 Modern Family**
**18.35 Fóstbræður** Óborganlegt grín að hætti hússins.
**19.05 Stelpurnar**
**19.30 Sælkeraferðin**
**19.50 Who Do You Think You Are?**
**20.55 The Vampire Diaries**
**21.40 Banshee** Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrum fangi og afar útsmoginn þjófur.
**22.35 Klovn** Þriðja þáttaröðin um þá félaga Frank og Casper og þeirra ótrúlegu ævintýri sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.
**23.05 The Last Man on Earth**
**23.25 The Americans**
**00.10 The Mentalist**
**00.55 Stelpurnar**
**01.15 Sælkeraferðin**
**01.35 Who Do You Think You Are?**
**02.35 The Vampire Diaries**
**03.15 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Kalli á þakinu**
**07.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**07.37 Stóri og Litli**
**07.49 Hvellur keppnisbíll**
**08.00 Zigby**
**08.10 Ævintýraferðin**
**08.25 Brunabílarnir**
**08.47 Mæja býfluga**
**09.00 Dóra könnuður**
**09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.00 Áfram Diego, áfram!**
**10.24 Svampur Sveinsson**
**10.49 Lalli**
**10.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**11.00 Kalli á þakinu**
**11.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.35 Stóri og Litli**
**11.47 Hvellur keppnisbíll**
**12.00 Zigby**
**12.10 Ævintýraferðin**
**12.25 Brunabílarnir**
**12.47 Mæja býfluga**
**13.00 Dóra könnuður**
**13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**13.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**14.00 Áfram Diego, áfram!**
**14.24 Svampur Sveinsson**
**14.49 Lalli**
**14.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**15.00 Kalli á þakinu**
**15.25 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.35 Stóri og Litli**
**16.00 Zigby**
**16.10 Ævintýraferðin**
**16.25 Brunabílarnir**
**16.47 Mæja býfluga**
**17.00 Dóra könnuður**
**17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**17.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**18.00 Áfram Diego, áfram!**
**18.24 Svampur Sveinsson**
**18.49 Lalli**
**18.55 Rasmus Klumpur og félagar**
**19.00 Astro boy**

### GOLFSTÖÐIN

**08.00 RSM Classic**
**11.00 CME Group Tour Championship**
**14.00 DP World Tour Championship**
**19.00 RSM Classic**
**22.00 PGA Tour**
**22.55 CME Group Tour Championship**

### BÍÓSTÖÐIN

**11.45 As Cool as I Am**
**13.15 Trust Me** Dramatísk gamanmynd frá árinu 2013 með Clark Gregg og Felicity Huffman í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um umboðsmanninn og fyrrverandi barnastjörnuna Howard Holloway sem sér fram á betri tíma þegar ung og ákaflega hæfileikarík leikkona skrifar undir samning við hann.
**14.45 Ocean's Thirteen**
**16.50 As Cool as I Am**
**18.25 Trust Me**
**19.55 Ocean's Thirteen**
**22.00 Gravity** Spennutryllir í leikstjórn Alfonso Cuarón frá 2013 með Sandra Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum. Tveir geimfarar lenda í bráðri lífshættu þegar geimfar þeirra lendir í geimruslsdrífu og laskast svo mikið að viðgerð er óhugsandi.
**23.30 In the Electric Mist**
**01.15 Elephant White** Curtie Church er bandarískur málaliði sem hefur sinnt ýmsum skuggalegum verkefnum í gegnum tíðina. Að þessu sinni er hann sendur til Bangkok til að hefna fyrir morð á dóttur ríks viðskiptajöfurs. Fljótlega eftir komuna til Bangkok áttar hann sig á því að þar á hrylliIeg mansalsstarfsemi sér stað og líklega á hann við ofurefli að etja. Með aðalhlutverk fara Kevin Bacon og Djimon Hounsou.
**02.50 Gravity** Spennutryllir í leikstjórn Alfonso Cuarón frá 2013 með Sandra Bullock og George Clooney í aðalhlutverkum. Tveir geimfarar lenda í bráðri lífshættu þegar geimfar þeirra lendir í geimruslsdrífu og laskast svo mikið að viðgerð er óhugsandi.

### RÚV

**17.20 Landinn**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hvolpasveit Paw Patrol, II**
**18.24 Unnar og vinur**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Martin Clunes: Menn og dýr**
**20.55 Bannorðið**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Viðtalið**
**22.50 Erfingjarnir**
**22.45 Kastljós**
**00.10 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**12.55 Dr. Phil**
**13.35 The Voice USA**
**14.20 Chasing Life**
**15.05 Grandfathered**
**15.25 Younger**
**15.50 Jane the Virgin**
**16.35 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Superstore**
**20.15 No Tomorrow**
**21.00 Hawaii Five-0**
**21.45 Shades of Blue**
**22.30 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Scandal**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





2

LANDNEMARNIR

Hvernig leit Ísland út við landnám? Var það viði vaxið milli fjalls og fjöru? Við kynnumst leyndardómum víkingaskipanna og spyrjum hvernig landnemarnir gátu dreifst svo hratt um landið að það varð fullbyggt á fáum áratugum. Kristján Már fræðir okkur um þetta og margt fleira í þessum fræðandi og skemmtilega þætti um landnám Íslands.

FRÁBÆRT
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is
365




2

LÓA PIND: BARA GEÐVEIK

Hvernig er eiginlega að vera geðveikur? Hugrakkir Íslendingar opna sig um geðklofa, þunglyndi, geðhvörf og kvíða í vandaðri þáttaröð Lóu Pind. Í þessum þætti spyrjum við hvernig er að vera eineggja tvíburabróðir Brynjars og hvernig er að eiga systur sem heldur að hún búi í maganum á djöflinum?

2 HEIMILI HBO

WESTWORLD

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðinsskemmtigarði en fljótlega kemur í ljós galli í vélmennunum sem hefur ógnvænlegar afleiðingar.



2

EYEWITNESS

Tveir unglingsdrengir ákveða að hittast á laun á fáförnum stað en eiga fótum sínum fjör að launa þegar þeir verða vitni að glæp. Nýir magnaðir spennuþættir, byggðir á norsku spennuþáttaröðinni Øyevitne.



b

GRAVITY

Tveir geimfarar lenda í bráðri lífshættu þegar geimfar þeirra lendir í geimruslsdrífu og laskast svo mikið að viðgerð er óhugsandi.



365.is


— Mánudagstilboð —
STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI
ALLIR DD DRYKKIR Á 399 KR.
DD
Á mánudögum eru allir Dunkin' Donuts-drykkir á aðeins 399 kr. — óháð stærð. Kíktu í kaffi.
Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Leifsstöð
DUNKIN' DONUTS®



Manuel Rodriguez, þjálfari kvennaliðs Skallagríms, hefur komið með stíl inn í Domino's-deild kvenna og klæðir sig með virðingu fyrir leiknum. Alltaf vel til hafður og flottur í tauinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Benedikt Guðmundsson hefur verið með keimlíkan stíl í mörg ár. Íþróttafötin fara honum reyndar vel og stýrir hann nú norðanmönnum í Þór í hettupeysu eða íþróttagalla. Hér í því fyrrnefnda. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR




# TÍSKAN á hliðarlínunni

Þjálfarar á Íslandi skarta gjarnan íþróttafatnaði á hliðarlínunni öfugt við kollega þeirra í stóru deildum heimsins sem klæða sig yfirleitt í jakkaföt. Þægindin eru tekin fram yfir tískuna hér á landi.



Stefán Árnason, þjálfari Selfoss, hefur unnið mikið með íþróttaföt frá því hann var lítill gutti á Akureyri. Í Síðuskóla á Akureyri var hann sjaldan í öðru en íþróttafötum enda af miklu íþróttafólki kominn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Einar Árni Jóhannsson er með einfaldan stíl. Under Armour-bolurinn virkar vel fyrir kauða og Þórsara í Þorlákshöfn. Hann hefur lítið verið að spóka sig í jakkafötum á hliðarlínunni þótt þau fari honum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Willum Þór Þórsson og Arnar Gunnlaugsson eru báðir þekktir fyrir fallegan stíl utan íþróttanna. En þegar þeir tóku við stjórnartaumunum hjá KR fóru þeir úr sjarmanum og í Nike-íþróttagallann. Það svínvirkaði enda fór KR upp á við eftir að þeir tóku við. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gunnar Magnússon, þjálfari Íslandsmeistara Hauka, fæddist trúlega í íþróttafötum. Það er varla til mynd af honum öðruvísi en í íþróttafötum. En hann ber þau vel enda passa liðin að styrktaraðilar þeirra fái sínar sekúndur þegar þjálfararnir eru gripnir í viðtal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


SÍÐASTA
EINTAKIÐ
-70%
Útsölulok
Sumt þolir
bara enga bið
Það er auðvitað alltaf skynsamlegt að spara og eiga fyrir hlutunum. En lífið passar ekki alltaf vel í Excel-skjal og stundum þarf einfaldlega að bregðast hratt við, bjarga málum eða grípa tækifæri. Þá koma Raðgreiðslur Borgunar til sögunnar og brúa bilið.
Raðgreiðslur
VISA
VISA
BORGUN




FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

STILLANLEG HEILSURÚM



STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING




STILLANLEGT RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Tilboð 442.350 kr.

OKKAR KLASSÍSKI

HEILSUINNISKÓR



Vinsælasta jólagöfin í Betra Baki komin aftur. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótsvæðið. Ný og endurbætt útgáfa!

3.900 KR.

NÝJUNG Í BETRA BAKI

SLÖKUN OG VELLÍÐAN



UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgráu eða ljósu flókaefni. Komdu og prófaðu!

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT
5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK






Andrea Maack í ilmpartíinu. Ilmvötnin hennar eru skilgreind sem klæðanleg list og eiga hvert um sig sögu sem tengist verki eða sýningu sem Andrea hefur staðið að. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Notendur farnir að túlka ilminn

**Ilmir Andreu Maack** eru komnir í heilan hring. Hún býr til ilmina með því að túlka teikningar. Þeir sem nota ilminn eru nú farnir að senda henni myndir af því hvernig þeir túlka ilminn.

Á samfélagsmiðlunum eru notendur farnir að túlka ilmina sjálfir og senda mér sínar myndir og skissur þannig nú er þetta komið allan hringinn. Ilmirnir mínir byrjuðu sem teikning, urðu að ilmi, og nú eru notendurnir að túlka ilminn í skissum og myndum,“ segir Andrea Maack, listamaður og ilmhönnuður.

Hún boðaði til ilmpartís á föstudaginn þar sem endurkomu Craft-ilmsins var fagnað en ilmurinn hefur verið ófáanlegur í töluverðan tíma. Craft er úr fyrstu línu Andreu en hefur fengið andlitslyftingu og er kominn í nýjar umbúðir fyrir jólin. „Fólk var orðið meira að segja reitt að fá ekki ilminn,“ segir hún og glottir.

Nálgun Andreu að gerð ilmvatnanna er óvenjuleg en ræturnar liggja í myndlistarverkum hennar og hugmyndum. Þannig hefur Andrea leitt saman sín helstu áhugamál. Annars vegar ástríðu sína fyrir tísku og fagurfræði og hins vegar myndlist en Andrea er myndlistarkona og útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2005.

„Craft var upphaflega gerður sem herbergisilmur, ekki endilega sem ilmvatn til að ganga með. En hann varð fljótt ofboðslega vinsæll og langvinsælasti ilmurinn í fyrstu línunni minni. Hann er ískaldur ilmur og er með ísnótum í sér. Hann er sérstakur en fólk vill ganga með hann, sem er jákvætt.“



Craft-ilmurinn er upphaflega hannaður í tengslum við þennan kjól.

**CRAFT VAR UPPHAFLEGA GERÐUR SEM HERBERGISILMUR, EKKI ENDILEGA SEM ILMVATN TIL AÐ GANGA MEÐ. EN HANN VARÐ FLJÓTT OFBOÐSLEGA VINSÆLL OG LANGVINSÆLASTI ILMURINN Í FYRSTU LÍNUNNI MINNI.**

Andrea Maack

Sem dæmi um vinsældir Craft þá var fyrsta sendingin uppseld áður en hún kom í búðir hér á landi. „Þegar ég er að búa til ilm er ég ekki að hugsa mikið um hvað sé í tísku eða neitt þannig. Ég hugsa um efniviðinn og að hann sé í lagi. Það finnst mér mikilvægast og kannski tengir fólk við það.

Í upphafi átti þetta ekkert að vera neitt vörumerki. Þetta er tilraunakenndur ferill sem ég þróaði með ilmvatnsgerðinni. Að gera ilm út frá myndum, skissum, málverkum eða skúlptúr. Ég rétti þeim bara mynd og sagði. „Hér er mynd og þið þurfið að finna út úr þessu,“ sem þeir gerðu svo sannarlega.“

**benediktboas@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



Domino's
MEGAVIKA
ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
1.490 KR.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 21.–27. NÓV. 2016
MÁNUDAGURINN 21. NÓVEMBER
Með fyrstu 1.000 Megaviku-pöntunum dagsins fylgir bíómiði eða varningur tengdur Bad Santa 2
ÞRIÐJUDAGURINN 22. NÓVEMBER
Flaska af ísköldu 2 L gosi fylgir með fyrstu 1000 Megaviku-pöntunum dagsins.
MIÐVIKUDAGURINN 23. NÓVEMBER
Ostagott ásamt sósu fylgir með fyrstu 1000 Megaviku-pöntunum dagsins.
www.dominos.is
sími 58 12345
domino's app
BILLY BOB THORNTON
BAD SANTA 2
Coca-Cola
PIPAR\TBWA • SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

**ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.**
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Berglindar Pétursdóttur




## Íbúð með möguleika

Það skemmtilegasta sem ég geri er að hanga í símanum en það næstskemmtilegasta sem ég geri er klárlega að skoða fasteignavefinn. Heilu vinnudagarnir fara ítrekað í vaskinn eftir að ég smelli á fréttir af misfrægum einstaklingum sem hafa sett íbúðirnar sínar á sölu – MYNDIR og ég fer í kjölfarið að skoða allar íbúðir sem eru á skrá á vefnum. Í eitt skiptið hló ég í marga daga að íbúð sem var svo ógeðslega illa farin að mig svimaði við að skoða myndirnar en svo rankaði ég við mér þar sem ég var búin að skrifa undir kaupsamning og fékk afhenta lykla nokkrum dögum síðar. Íbúðin var reyndar á mjög fínu verði en það er önnur saga.

Skemmtunin sem mér finnst fólgin í fasteignaglápinu er tvíþætt. Í fyrsta lagi er það textasmíðin í sölutextunum. Íbúð þarf ekki að hafa annað en sprungu á veggnum sem ljósgeisli getur troðið sér inn um til þess að vera talin björt og við vitum öll hvað frasinn „íbúð með mikla möguleika“ þýðir (ef þú hatar líf þitt og þú elskar að bíða eftir iðnaðarmönnum skaltu kaupa þér svona möguleikaíbúð). Það kann enginn að skrifa undir rós eins og fasteignasalar og ég virði það, ég starfa sjálf við að skrifa auglýsingatexta og hef tileinkað mér marga af fegrunarfrösum þeirra, aðallega í starf en líka í leik.

Myndirnar eru svo hinn þátturinn. Það er róandi að raða húsgögnunum sínum inn á myndirnar í huganum og ímynda sér hvernig stemningin yrði í innflutningspartíinu. Stundum verð ég samt mjög döpur að sjá allar ljótu flísarnar sem hafa verið framleiddar, fluttar til landsins og límdar fastar á gólfflöt sem kostar fullt af milljónum. Verðgildi eignar hreinlega hrynur um leið og flísarnar eru ógeð, það er bara staðreynd.








